

Trúður tekst á við sorgina



Sveitaballahestar leiddir saman



Lægra vöruverð lyfjaver.is



LYFJAVÉR

Menning > 18

Lífið > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

213. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 23. SEPTEMBER 2022



Einn þeirra sem grunaðir eru um að skipuleggja hryðjuverkaárás var leiddur fyrir dómara í gær og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var einn fjögurra handtekinna. SJÁ Síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Landsréttardómurum líklega fjölgað

Biðin eftir réttlæti er löng aðeins nokkrum árum eftir að Landsréttur var settur á fót til að stytta biðtíma. Dómsmálaráðherra segir til skoðunar að fjölga dómurum.

bth@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Þeir sem áfrýja málum til Landsréttar geta þurft að biða í á annað ár eftir að mál þeirra komist á dagskrá. Skrifstofustjóri Landsréttar segir biðina of langa. Fjölga þurfi dómurum.

Fimmtán dómara eiga sæti við Landsrétt og taka þrír dómara þátt í meðferð máls fyrir dómi að jafnaði. Að sögn Gunnars Viðar, skrifstofustjóra Landsréttar, eru sakamál í forgangi. Má að jafnaði



Það er mikið álag á dómurum, hér koma yfir átta hundruð mál á ári.



Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar



Það er ekki boðlegt að fólk biði úrlausnar sinna mála árum saman.

Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

gera ráð fyrir að frá þingfestingu taki riflega átta mánuði að klára aðalmeðferð.

Þau einkamál sem ekki fá flýti-meðferð hafa lengri biðtíma, það er frá því að gagnaöflun lýkur eftir áfrýjun uns þau komast á dagskrá.

„Biðtíminn þessa dagana er um þrettán mánuðir að jafnaði í einkamálum,“ segir Gunnar Viðar.

Hann segir biðina of langa. „Að stytta biðina var ein ástæða þess að stofna Landsrétt,“ segir Gunnar sem telur að fjölga ætti dómurum við réttinn. „Það er mikið álag á dómurum, hér koma yfir átta hundruð mál á ári.“

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra segir að fjölgun dómara sé til skoðunar í ráðuneytinu. Jón segir flöskuhálsa í kerfinu. Ef fjölgað yrði um aðeins einn dómara í Landsrétti myndi það bjarga miklu.

„Það er ekki boðlegt að fólk biði úrlausnar sinna mála árum saman,“ segir Jón en getur þess að flöskuhálsarnir séu víðar en í dómskerfinu. Unnið sé að úrbótum. ■

Áhyggjur vegna glæpastarfsemi

LÖGGÆSLA „Ég hef miklar áhyggjur af þessari þróun, hún er alvarleg,“ segir Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra sem kveður skipulagða glæpastarfsemi vaxandi mein hér á landi. Til skoðunar sé að auka viðbúnað lögreglumanna.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

„Staða skipulagðrar brotastarfsemi er alvarlegri en fólk gerir sér grein fyrir,“ segir dómsmálaráðherra sem á í samstarfi við lögregluna um að móta tillögur til að ná betri árangri í þessum efnunum. SJÁ Síðu 4

Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð 4.890.000 kr.

HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.volkswagen.is/taigo



Gagnrýna ferli við ráðningu

gar@frettabladid.is

REYKJAVÍKURBORG Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði ítrekuðu í gær fyrri athugasemdir sínar við ráðningarferli sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs borgarinnar.

„Athygli vekur að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru nokkrir umsækjendur með afar víðtæka og farsæla stjórnunarreynslu á sviði íþrótt-, tómstunda- og/eða menningarmála, ekki bóðaðir í viðtal,“ segir í bókun Sjálfstæðismanna.

Nýi sviðsstjórinn er Eiríkur Björn Björgvinsson sem meðal annars hefur verið bæjarstjóri á Akureyri.




Eiríkur Björn Björgvinsson

„Það var samdóma álit hæfnisnefndar sem fór yfir umsóknir og tók viðtöl við umsækjendur að Eiríkur Björn Björgvinsson uppfyllti best umsækjenda þær kröfur sem gerðar eru til starfs sviðsstjóra,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Á fundinum í gær var einnig staðfest ráðning Rannveigar Einarsdóttur sem sviðsstjóra velferðarsviðs borgarinnar og voru engar athugasemdir gerðar við það ferli. ■

Djús í glas



Sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll lýkur í dag. Sýningin hefur verið kærkomin þeim sem starfa í sjávarútvegi og þjónusta hann enda slíkar hátiðir legið niðri í Covid. Meðal þess sem fyrir augu ber er þessi róbóti sem í dæmaskyni blandaði drykki í gríð og erg fyrir gesti og gangandi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Sérstök athöfn var við nýja Miðgarðakirkju. **MYND/MARÍA H. TRYGGVADÓTTIR**

Ánægja með nýju kirkjunni í Grímsey

benediktboas@frettabladid.is

FRAMKVÆMDIR Heimamenn og fjöldi gesta komu saman í nýrri Miðgarðakirkju í Grímsey þegar þess var minnst að ár var frá því að kirkjan brann til grunna og því fagnað að ný kirkja er nú risin. Kvenfélagið Baugur, sem í sitja allar konur í eyrni, bauð síðan til veislu-kaffis í félagsheimilinu Múla. Friðrik Ómar Hjörleifsson var fyrstur til að taka lagið í hinni nýju kirkju.

Endurreisnin hefur gengi vel þrátt fyrir tafir vegna slæmrar veðráttu í

sumar. Á móti kemur að vel hefur viðráð í september.

Á næstu vikum á að ljúka við að klæða kirkjunni að utan og leggja steinskifur úr stuðlabergi á þakið.

Sóknarnefnd Miðgarðakirkju mun á næstunni taka ákvörðun um hvenær haldið verður áfram með framkvæmdir en framvinda þeirra er háð þeim fjármunum sem safnast til verksins. Vonir standa til að í vetur takist að innrétta kirkjunni og vígja næsta sumar. Sófnun fyrir nýrri Miðgarðakirkju heldur áfram. ■

Rekast stundum í rangan takka á kirkjuklukkunum

Kirkjuvörðurinn í Hallgrímskirkju segir reynt að stilla klukkuhringingum þar í hóf. Framkvæmdastjórinn segir að stýringin á klukkunum hafi fengið sjálfstæðan vilja í ágúst og sett jólalögina í gang.

birnadrofn@frettabladid.is

TRUFÉLÖG Íbúar og gestir í miðbæ Reykjavíkur hafa líklega orðið varir við óvenjulegan klukknahtjóm sem barst frá Hallgrímskirkju nýlega. Ein klukkan í klukknahtjómna og til að finna hana þurfti að prófa allar klukkurnar í spilinu, þær eru 29 talsins.

Þann 13. ágúst síðastliðinn ómuðu svo jólalög frá turni kirkjunnar og brá þá mörgum við að heyra til að mynda Heims um ból á miðju sumri. Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, segir að jólalögina hafi verið spiluð fyrir mistök.

„Þetta með jólalögina var einhver bilun sem var löguð mjög fljótt. Klukknahtjómur fékk sjálfstæðan vilja í einn dag,“ segir Sigríður.

Erna Karlsdóttir, kirkjuvörður í Hallgrímskirkju, segir að það hafi einstaka sinnum komið fyrir að rangur klukknahtjómur sé spilaður á kirkjuklukkunum. „Það hefur gerst fyrir mistök, jafnvel að einhver hafi bara rekist í vitlausan takka,“ segir hún.

„Stundum áttum við okkur ekki á þessu þegar við erum inni í kirkjunni svo annað hvort fáum við símtal eða eitthvert okkar fer út og bara: Jesús, það eru sálmar í gangi,“ bætir Erla við.

Í Hallgrímskirkju eru þrjár stórar kirkjuklukkur og auk þeirra klukkuspil sem samanstendur af 29 klukkum. Klukkuspilið er þannig sett upp að vestan megin eru fjórtán klukkur í tveimur röðum en



Klukkurnar eru merktar með nafni gefanda, þessi er frá Grímseyingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þetta með jólalögina var einhver bilun.



Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju

austan megin eru fimmtán klukkur í tveimur röðum.

Allar klukkurnar eru merktar með nafni gefanda eða þess sem þær voru gefnar til minningar um. Stærsta klukkan heitir Hallgrímur, eftir séra Hallgrími Péturssyni, miðklukkan heitir Guðríður, eftir eiginkonu Hallgríms, og sú minnsta heitir Steinunn eftir dóttur þeirra hjóna sem lést ung.

Á virkum dögum hringja kirkjuklukkurnar á korters fresti frá klukkan níu á morgnana til klukkan níu á kvöldin. „Sumir eru rosalega þirraðir á þessu og það hefur alveg rignt yfir okkur póstum frá fólki sem finnst lætin í klukkunum mikið rask,“ segir Erna.

„Það hefur verið reynt að stilla þessu í hóf eftir því og á laugardögum hringja klukkurnar frá hádegi og á sunnudögum frá messunni klukkan 11,“ bætir Erna við. ■

Laugardaga kl. 10.00



www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinnsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Kolbeinn Pálsson er næsti gestur hlaðvarpsins.





blómavali

FYRIR ÞIG

Fallegar Erikur

Ferskar og stærri Erikur í Blómavali



3 stk. af eigin vali

**Erikur/
Calluna**

10327400

1.299 kr

1 stk. **599** kr

**Haustlaukarnir
eru komnir**

Loforð um
litríkt vor



1.990 kr/pk

Crocus blandaðir litir, 50 stk. • Crocus Grand Maitre, 50 stk. • Crocus Jeanne d'Arc, 50 stk. Tulipa Apeldoorn Elite Red & Yellow, 50 stk. • Tulipa Apeldoorn Red, 50 stk. • Tulipa Golden Oxford Yellow, 50 stk. • Tulipa Miranda, 50 stk. • Tulipa Peacock, 50 stk. • Tulipa Purissima, 50 stk. Tulipa Red Riding Hood, 50 stk. • Páskaliljur magnpakkning, 20 stk. Páskaliljur Harlequin Mixed, 20 stk.

Laugardag og sunnudag

**Vilmundur
Hansen**

verður í Skútuvogi um helgina
og veitir ráðgjöf um haustlauka,
kl. 13-17 alla helgina í Skútuvogi.



**Potta-
plöntu-
útsala**

Lýkur um helgina

Allar pottaplöntur

30-50%
afsláttur



Enginn alþjóðlegur golfvöllur er á Íslandi.

Stórhuga golfarar fyrir austan

benediktboas@frettabladid.is

MÚLAÞING Bygðarráð Múlaþings tók fyrir erindi frá Golfklúbbi Fljótsdalsþérs ásamt yfirlýsingu frá eigendum Eida auk hugmynda að nýjum golfvelli í landi Eida.

Þróstur Jónsson, úr Miðflokknum og áheyrnarfulltrúi í ráðinu, lagði fram hugmynd um að einkaaðilar myndu byggja upp fyrsta alþjóðlega golfvöllinn á Íslandi á Eidum í samvinnu við Golfklúbbinn og eigendur Eida. „Það þarf að vinna viðskipta-áætlun fyrir slíkan völl til að meta fýsileika hans,“ segir í hugmynd þratar. ■



Annar borgarisjakinn.

MYND/DAVÍÐ MÁR BJARNASON.

Nokkur misseri síðan hafis sást

bth@frettabladid.is

NÁTTÚRA Hilmar F. Thorarensen frá Gjögri segir að um fjögur ár séu liðin síðan síðast sást hafis, það er borgarisjakar, nálægt landi á Ströndum. „Það kom ís á þessar slóðir árið 2018,“ segir Hilmar.

Í Frétt Fréttablaðsins í gær taldi viðmælandi að áratugur væri liðinn síðan borgarisjakar sást síðast á Ströndum nálægt landi. Að sögn Hilmars er sem sagt heldur styttra síðan. ■

Aukinn vopnaburður lögreglu til skoðunar

bth@frettabladid.is

LÖGGÆSLA Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra segir að aukinn búnaður lögreglumanna sé til skoðunar. Skipulögð glæpastarfsemi sé vaxandi meir en hér á landi og bregðast þurfi við.

„Ég hef miklar áhyggjur af þessari þróun, hún er alvarleg,“ segir Jón.

Dómsmálaráðherra segist í samstarfi við lögreglustjóra vera að

vinna að tillögum um breytingar innan lögreglu til að tryggja betri yfirsýn og aukinn árangur.

„Það er til skoðunar að birta þessar tillögur í haust. Staða skipulagðrar brotastarfsemi er alvarlegri en fólk gerir sér grein fyrir.“

Spurður hvort tillögurnar miði að forvirkum heimildum eða auknum vopnaburði lögreglu, segir Jón allt undir. Ekki sé þó meiningin að almennir löggæslumenn beri byssur.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

„Það þarf að gæta að öryggi lögreglumanna, þeir eiga fjölskyldur sem vilja fá þá heila heim og þá getur komið til þess að við þurfum

að bæta við þeirra búnað til að bregðast við. Auka heimildir,“ segir Jón.

Hann bendir á að gögn sýni óheillaþróun.

„Allar vísbendingar segja að vopnaburður sé að aukast. Það er nærtækt að vísa til fjölgunar útkalla hjá sérsveitinni, en hún er kölluð til þegar vopn koma við sögu. Þetta er mikið áhyggjuefni og við þessu verður að bregðast,“ segir Jón. ■

Sátt við seinkun Íslandsbankaskýrslu ef hún er betri og vandaðri fyrir vikið

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka er ekki enn tilbúin. Ríkisendurskoðandi segist sjá fyrir endann á gerð skýrslunnar, sem var umfangsmeiri en fyrst var búist við.

sigurjon@frettabladid.is

ALÞINGI Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að ekki sé hægt að áfella Ríkisendurskoðun fyrir töf á gerð skýrslunnar.

„Ég held það hljóti að vera að þeir sem eru að svara spurningum Ríkisendurskoðunar sem beri ábyrgð á drætti ef einhver dráttur er,“ segir Helga Vala. Betur unnin skýrsla sem kemur seinna sé betri en fljótunnin skýrsla.

„Mér finnst ekkert að því að maður þurfi að bíða í hálfán mánuð eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar ef hún verður betri og vandaðri fyrir vikið, en ég óttast að þessi mikli dráttur sé tilkominn vegna þess að það gengur erfiðlega að fá svör.“

Þá vill Helga Vala meina að hægt hefði verið að koma í veg fyrir þessar tafir ef sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis hefði verið stofnuð, en slík nefnd hefur umtalsvert meiri heimildir en Ríkisendurskoðun til að kalla eftir upplýsingum.

Helga Vala var einn þeirra þingmanna sem lögðu til að slíkri nefnd væri komið í verk en við því var ekki orðið.

„Í raun og veru geta stjórnvöld hverju sinni dregið það á langinn að svara og jafnvel svara ekki. Við höfum fengið svoleiðis skýrslur inn til okkar á þinginu frá Ríkisendurskoðun þar sem þau segja bara: Því



Til stendur að afhenda Alþingi skýrsluna um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka um mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ég hef enga trú á að þetta sé eitthvert gleymt mál.



Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

miður, við fengum því miður ekki fullnægjandi upplýsingar,“ segir hún.

Þá vonar Helga Vala að allir séu að leggja sig fram svo að skýrslan sé sem nákvæmest. „En það hefði verið hægt að fara bara strax hina leiðina og fara með þetta þá leið þar sem hægt er að velja við öllum steinum.“

Spurð að því hvort þetta sé gleymt mál segist Helga Vala ekki telja að svo sé.

„Ég hef enga trú á að þetta sé eit-

hvert gleymt mál sem enginn láti sig varða. Þegar ráðherra fer svona með valdið hverju sinni, þá er það stórt mál í hvaða landi sem er, jafnvel Íslandi,“ segir Helga Vala.

Ríkisendurskoðandi segir skýrsluna á lokametrunum. Ein ástæða fyrir frestun útgáfunnar sé að umfang sé meira en búist var við í upphafi. Fyrst var sagt að skýrslan yrði gefin út í júní, henni var síðan frestað ítrekað. Nú stendur til að gefa hana út um mánaðamótin. ■



Skannaðu QR kóðann og fáðu nánari upplýsingar

VERNDUM BÖRN
GEGN OFBELDI





Njótum helgarinnar

HAGKAUP

Tilboð gilda út 25. september



Lambalæri
af nýslátruðu

1.799 kr/kg



Lambahryggur ½
lundarhluti

3.399 kr/kg



Nauta Tomahawk
frá John Stone
frystivara
Verð áður 7.999

5.999 kr/kg



Nýtt



Goodfella's
4 x steinbakaðar
mini pizzur

599 kr/pk



Nýtt

Ekta ítalskur gelato

799 kr/stk

BAK
ARÍ
ID



Súrdeigsbrauð
með kúmen
Verð áður 999

749 kr/stk

Fækka einkatímum í tónlistarnámi

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Alexandra Briem, borgarfulltrúi Pírata, segir brýnt að jafna aðstöðumun milli barna sem vilja læra á hljóðfæri, umfram það sem fyrir er.

Fréttablaðið hefur greint frá að tónlistarnám getur verið tvöfalt dýrara fyrir foreldra sem eiga barn á miðstigi í sumum skólum í Reykjavík en í Norðurþingi.

Alexandra segir einn vandann að mjög mikil þátttaka sé í sumum hverfum í tónlistarstarfi en nánast engin í öðrum hverfum.

„Við teljum að uppfæra þurfi kennsluáferðir, einkakennsla er dýrasta form kennslu, við viljum



Alexandra Briem, borgarfulltrúi Pírata

fleiri hóptíma,” segir Alexandra.

Hún segir mestu varða að þegar fé til málflokksins verði aukið þá skili það sér sannarlega til foreldra. Tónlistarskóla þurfi að reka í hagkvæmum stærðum.

„Því miður er árferðið þannig að við getum ekki hækkað niður-greiðslur sem stendur.“ ■

Þingmenn vilja afnema klámbann

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Tveir þingmenn Pírata, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir og Björn Levi Gunnarsson, hafa lagt fram frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum.

Þau vilja að 210. grein verði felld burt, refsheimild vegna birtingar kláms á prenti, innflutnings þess í útbreiðsluskyni, sölu, útbýtingar eða annars konar dreifingar.

Frá setningu íslenska bannákvæðisins við klámi hafa viðhorf samfélagsins til kynlífs og kynhegðunar stórbreyst, segir í greinargerðinni.

„Almennt er það ekki talið vera í verkahring yfirvalda að ákveða hvers konar kynlíf fólk kjósi að stunda hvert með öðru.“

Umráðan nú snúist um siðferðisleg mörk og upplýst samþykki. Bannið sé úrelt. Dæmi um refsíákvæði sem felld hafa verið brott hér á landi með lagabreytingum eru „hneykslanleg sambúð“, skírlífisbrot og bann við samkynhneigð.

„Birting og dreifing kláms er



Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, þingmaður Pírata



Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata

sama eðlis og þessi brot,” segir í greinargerð frumvarpsins.

Þá segja þingmennirnir að líta verði til þess að hér á landi starfi þó nokkur fjöldi fólks við háttsemi sem í dag myndi flokkast sem refsiverð samkvæmt greininni. Sem dæmi OnlyFans.

„Óhád því hvaða skodanir fólk kann að hafa á slíkum miðlum þá er það ótækt að hér á landi skuli í landslögum vera refsingar fyrir það að miðla erótísku eða klámfengnu efni sem fólk hefur sjálft framleitt, af sjálfu sér, á internetið.“ ■



Minnihlutanum er sagt haldið utan við starf Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Fundargerðir Sorpu sagðar feluleikur

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson óskaði eftir því á síðasta stjórnarfundum Sorpu að bókað yrði að æskilegt væri að fundargerðir væru nægilega ítarlegar til þess að stjórnarmenn og sveitarstjórnarmenn geti glöggvað sig vel á þeim ákvörðunum sem verið er að taka hverju sinni.

Fundargerðir Sorpu eru yfirleitt frekar ýrar og benti Flokkur fólksins á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur á að feluleikurinn væri slíkur að það mætti halda að kjörnum fulltrúum



Stjórnarmaður í Sorpu segir fundargerðir eiga að vera mun ítarlegri.

í minnihluta komi ekki við hvað fram fer á fundum.

Er bent á í bókun flokksins að ýmislegt hafi gengið á hjá fyrirtækinu og er tekið undir bókun Guðfinns með „Heyr heyr,” eins og segir í bókuninni. ■



Á blaðamannafundi lögreglunnar í gær var fjallað um rannsókn á hryðjuverkaögn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hryðjuverkaárás á Íslandi var hindruð segir lögreglan

Tveir íslenskir karlmenn á þrítugsaldri sitja í gæsluvarðhaldi, grunaðir um tilraun til hryðjuverka. Annar manna hefur verið úrskurðaður í vikulangt varðhald og hinn í tveggja vikna varðhald.

ingunnlara@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Alls voru fjórir handteknir í aðgerðum sérsveitar og lögreglu í Kópavogi og Mosfellsbæ í vikunni en þeir voru taldir hafa reynt að skipuleggja árás á stofnanir ríkisins, einkum lögreglu en einnig Alþingi. Húsleit var framkvæmd á níu stöðum og lagt hald á tölvur, skotfæri og tugi vopna, þar á meðal þrívíddarprentuð og hálfjálfríkt skotvopn.

Aldrei áður hefur lögregla þurfti að bregðast við hryðjuverkaögn á Íslandi. Þjóðaröryggisráði var gert viðvart í fyrradag en ekki er talin ástæða til að herða öryggisráðstafanir. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs, segist slegin yfir fregnunum, það sé dapurlegt að Íslendingar geti átt von á slíkri atburðarás eins og nágrennar okkar á hinum Norðurlöndunum.

Lögreglufirvöld segja Ísland vera öruggara samfélag eftir aðgerðir lögreglu í fyrradag. Ekki er yfirvofandi hætta á hryðjuverkaárás.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði samstarf embættis ríkislögreglustjóra, héraðssaksóknara og lögregluembættis og öflun og greiningu á mikilvægum upplýsingum hafa komið í veg fyrir fordæmalausa fjöldaárás.

„Komið var í veg fyrir að hugmyndir manna um beitingu vopna gegn borgurum landsins og mikilvægum stofnunum þess yrðu að veruleika,” sagði Grímur á blaðamannafundi í gær.

Rannsókn lögreglu er á viðkvæmu stigi og hefur því lítið verið gefið upp um mennina sem sitja nú í gæsluvarðhaldi. Þá hefur verið staðfest að hluti rannsóknarinnar lúti að mögulegum tengslum manna við erlend öfgasamtök.

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá því í fyrra segir að hætta á hryðjuverkum hér á landi stafi fyrst og fremst frá einstaklingum sem aðhyllast herskía öfgahyggju, þá sérstaklega samtök hægrisinnaðra öfgamanna. Telur



Komið var í veg fyrir að hugmyndir manna um beitingu vopna gegn borgurum landsins og mikilvægum stofnunum þess yrðu að veruleika.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

ríkislögreglustjóri litla hryðjuverkaögn hér á landi af völdum öfgafullra íslamista og vill forðast að hrapa að ályktunum um mögulega ögn af völdum slíkra hópa og sökum trúaröfustækis.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að embættið væri að fylgjast með vaxandi öfgahægrihyggju á hinum Norðurlöndunum sem og á Íslandi. ■

Enskumælandi ráð hefur störf í Vík

benediktarnar@frettabladid.is

MÝRDALSHREPPUR Í dag var fyrsti fundur enskumælandi ráðs í Vík í Mýrdal. Formaður ráðsins segir að nú sé kominn vettvangur fyrir erlenda íbúa sveitarfélagsins til að koma sínum sjónarmiðum og hugmyndum áfram, en um 50 prósent íbúa á svæðinu eru af erlendu bergi brotin.

„Fyrir kosningarnar í ár var mikið rætt um að útlendingar í samfélaginu væru smá útskúfaðir úr pólitíkinni hérna í Vík. Þannig að við lögðum til að enskumælandi ráð væri stofnað fyrir okkur til þess að koma meira að samfélaginu og í dag var fyrsti fundurinn haldinn,” segir Tomasz Chocholowicz, formaður nefndarinnar.

Tomasz segir að í nefndinni sitji fólk af mörgum ólíkum þjóðernum. Hann er sjálfur Pólverji, en í ráðinu er meðal annars fólk frá Spáni, Þýskalandi, Slóvakíu og Filippseyjum.

„Núna líður okkur ekki eins og við séum útskúfuð úr samfélaginu



Enskumælandi ráðið kom fyrst saman í gær í Leikskálum í Vík í Mýrdal.

MYND/ADSEND

okkar. Það mætti segja að þessi nefnd sé brú á milli erlendra og innlendra íbúa í Vík,” segir Tomasz.

„Ég er í skýjunum með þennan fund,” segir Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps og starfsmaður ráðsins. „Það sem enskumælandi ráðið gerir, það gefur þessum stóra hóp íbúa í sveitarfélaginu, sem eru erlendir íbúar, vettvang til þess að taka þátt í stjórnsýslunni og móta samfélagið. Mér fannst mikilvægt að þessi hópur fengi rödd og fengi meira um hlutina að segja, sem er mjög eðlileg

krafa og hollt fyrir okkur ef við ætlum að hafa sjálfbært samfélag hérna á Vík. Þá þýðir ekki að einn hópur sé hálf afskiptur,” segir Einar.

Hann segir að tillögur um nýja líkamsræktarstöð og möguleikann að fá erlendan lækni á svæðið hafi verið rætt á fundinum.

„Þetta er ótrúlega flottur vettvangur fyrir hugmyndir sem hjálpa samfélaginu okkar. Ég er gríðarlega ánægður með fundinn í morgun og ég held að það hafi verið almenn ánægja hjá öllum sem sátu þennan fund,” segir Einar. ■



Eucerin[®]

VAKNAÐU MEÐ
NÝJA HÚÐTILFINNINGU

1 FYLLIR 2 GEFUR RAKA 3 ENDURNÝJAR

MOISTURE BOOSTER NIGHT CARE
OFURLÉTT ÁFERÐ

NÝTT





Í Luhansk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Atkvæðagreiðsla um innlimun

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Í dag hefst atkvæðagreiðsla í fimm af austurhéraðum Úkraínu sem miðast að því að þau verði innlimuð í Rússland.

Alþjóðasamfélagið hefur fordæmt þessar kosningar. Auk allra annarra agnúa benda yfirvöld í Úkraínu á að um helmingur íbúa í Kherson-héraðinu hafi flúið á brott síðan innrás Rússa hófst. Meðal slagorða sem Rússar beita í áróðursskyni er að tími sé kominn til að „endurreisa sögulegt réttlæti“. ■

Óttast að vera kvaddir í herinn

gar@frettabladid.is

RÚSSLAND Vaxandi ótti er nú meðal Rússa um að þeir verði kallaðir í herinn til að taka þátt í stríði lands síns við Úkraínu að sögn Sænska sjónvarpsins. Rætt er við konu sem býr í Moskvu sem segir 24 ára son sinn hafa yfirgefið landið þegar eftir að stríðsreksturinn hófst í febrúar. ■

Kom of seint og flýtti sér út



Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, mætti einni og hálfri klukkustund of seint á fund Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í gær. Las Lavrov Vesturlöndum pistilinn fyrir stuðning þeirra við Úkraínu í stríðinu sem Rússland hóf fyrir meira en hálfu ári, áður en hann yfirgaf fundarsalinn áður en aðrir tóku til máls. Eftir að Lavrov var farinn sagði James Cleverly, utanríkisráðherra Bretlands, að Bretland myndi styðja Úkraínu alla leið og í eins langa tíma og þyrfti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Segir stríðið komið heim eftir herkvaðningu

Fjöldi Rússa freistar þess nú að flýja land vegna ákvörðunar Vladímírs Pútíns um herkvaðningu 300 þúsund manns vegna innrásarinnar í Úkraínu. Rússneskur blaðamaður, búsettur hér á landi, segir stríðið ekki lengur einungis í fréttum, það sé komið heim.

thp@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Rússneski blaðamaðurinn Andrei Menshenin hefur verið búsettur á Íslandi í sex ár og staðið fyrir mótælum gegn innrásinni í Úkraínu.

Andrei segir þá ákvörðun Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta að kveðja þrjú hundruð þúsund manns til herþjónustu vekja óhug og að margir Rússar séu óttaslegnir.

Eins og flestir karlmenn með rússneskan ríkisborgararétt er Andrei í varaliði hersins og með sérstakt hervegabréf. Hann er menntaður blaðamaður og segir að ef hann yrði kvaddur í herinn væri það sem tæknisérfræðingur.

„Ég yrði ekki kallaður til í fyrsta hollinu en þetta er núna eins og jarðsprengjusvæði. Þú veist aldrei hvenær þú verður tekinn, þetta er svo handahófskennt,“ segir Andrei og stríðið sé nú komið heim.

„Þetta er augljóslega mikið áfall fyrir flesta Rússa, bæði hér á landi og í Rússlandi. Það sem breyttist núna er að ef fólk taldi áður að stríðið væri bara í fréttunum þá er það í raun komið heim. Það nær til þess og fjölskyldunnar. Hver sem er gæti verið sendur á víglínuna. Fólk er einfaldlega hrætt. Það má sjá á því hve margir Rússar hafa reynt að flýja landið síðan greint var frá herkvaðningunni,“ segir Andrei.

Langar radir hafa myndast á landamærostöðvum víða í Rússlandi þar sem fólk freistar þess að komast úr landinu og undan her-



Kona handtekin á mótælum gegn herkvaðningunni í Moskvu á miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

kvaðningu. Við landamærin að Georgíu eru langar bílaraðir en það er eitt fárra landa sem opin eru Rússum án vegabréfsáritunar.

Flugmiðar til Istanbúl, Belgrad og Dúbaí hafa hækkað gríðarlega í verði enda eftirspurnin mikil. Andrei segir vini og ættingja sína í Rússlandi ekki hafa ákveðið að flýja land, enn sem komið er.

„Kunningjar mínir sem búa í Rússlandi, við vorum í sambandi í fyrradag og þeir voru að reikna út hverjar líkurnar væru á því að þeir yrðu sendir í stríð. Aðalspurningin er hvernig eigi að komast hjá því. Tveir úr fjölskyldu minni eiga á hættu að verða kallaðir í herinn. Ég hef miklar áhyggjur af þeim og vonast til að þeir komist hjá því en við vitum ekkert fyrir vist. Samkvæmt opinberu tilkynningunni verða þrjú hundruð þúsund manns kvaddir í herinn til að byrja með, það er ekkert sem segir að þetta endi þar. Hvað stöðvar þá í að kalla til aðra milljón í næsta mánuði? Það er ekki verið að fylgja lögum,“ segir Andrei.

Andrei segir að breytingar á lögum sem gerðu Pútín kleift að kveðja fólk í herinn hafi verið keyrðar í gegn á einum degi, án nokkurrar raunverulegrar umræðu í þinginu. Það sé því lítið því til fyrirstöðu að breyta þeim aftur og auka þann fjölda sem kalla má í herinn. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi sagt að til að byrja með sé það ákveðið skilgreindur hópur sem er kvaddur í herinn sé ekki hægt að treysta því.

„Það er engin leið að vita við hverju má búast þar sem engum lögum er fylgt af ríkinu. Það er hægt að breyta öllu á einum degi. Í opinberum miðlum var sagt að þingið væri reiðubúið að koma saman til neyðarfundar ef þörf er á að breyta einhverju er fram líða stundir,“ segir hann. Því sé ekkert því til fyrirstöðu að mun stærri hópur verði kvaddur í herinn með litlum fyrirvara. ■



Andrei Menshenin, fyrir miðju, á mótælum fyrir utan rússneska sendiráðið í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT ARNAR ÞORVALDSSON



Það er engin leið að vita við hverju má búast þar sem engum lögum er fylgt af ríkinu.

Andrei Menshenin, blaðamaður

GÓÐAR ÍBÚÐIR

ALLAR LAUSAR TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING



Jörfabakki 14

109 Reykjavík

Stærð: 112 fm
Gerð: 4ja herbergja
Verð: 57,9



Arnarhraun 11

Hafnarfirði

Stærð: 107 fm
Gerð: 3ja herbergja
Verð: 57,9



Klukkuberg 41

Hafnarfirði


Stærð: 116 fm
Gerð: 4 herbergja
Verð: 64,9



Álfholt 16

Hafnarfirði

Stærð: 94 fm
Gerð: 3 herbergja
Verð: 56,5



Daggarvellir 13

Hafnarfirði

Stærð: 99 fm
Gerð: 3 herbergja
Verð: 62,9



Birkiholt 5

Garðabær

Stærð: 95 fm
Gerð: 3 herbergja
Verð: 59,9



Háholt 14

Hafnarfirði

Stærð: 110 fm
Gerð: 4 herbergja
Verð: 57,9



Klukkuvellir 3

Hafnarfirði

Stærð: 96 fm
Gerð: 3 herbergja
Verð: 61,9

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahólinn: 30% afsláttur af öllum vörum. Bætur bak: 30% afsláttur af öllum vörum. DJRMA: 30% afsláttur af öllum vörum. Flóppur: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsbúnaður: 30% afsláttur af öllum vörum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema ímóttækjum. Z-brútur & gluggatjóð: 30% afsláttur af öllum vörum. VIDD: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsbúnaður: 30% afsláttur af heilvæðisvörum og ljósum. AFM: Afslátturinn gildir ekki á útdöllum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Okkar peningar



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Pegar snjóléttasta sveitarfélag landsins er farið að barma sér yfir vetrarhörku og kenna snjómokstri um botnlausan hallarekstur, getur maður verið viss um að fjármál hins opinbera eru í tömu tjóni.

Enda er það reyndin. Sveitarfélög landsins eru að missa hjólin undan vagninum. Með húrrandi hallarekstri og skuldasöfnun ár eftir ár.

Það virðist engu skipta hve mikið tekjurnar aukast. Þær eiga aldrei roð í gjöldin. Fyrir okkur íbúana þýðir þetta að þjónustan versnar og framkvæmdum verður slegið á frest. Svo einfalt er það.

Kannski er þessi óheillaþróun að mörgu leyti skiljanleg því ekki geta sveitarfélög sótt neina fyrirmynd eða hugmyndir um aðhald til ríkisins. Sem skilaði á dögnum fjárlagafrumvarpi sem einkennist af svo miklum lausatökum að jafnvel hörðustu Sjálfstæðismenn setti hljóða.

Ríki eða sveitarfélög, það er alveg sama hvar maður ber niður. Það eru engar markvissar aðgerðir í gangi sem miða að því að koma böndum á útgjaldaþenslu eða kæla báknið. Það er grafalvarlegt.

Einu lausnirnar, sem bornar eru á borð, felast í hærri gjöldum. Og nýjum gjöldum. Áformum um að seilast eftir fleiri krónum úr vösum þeirra sem borga brúsann. Til að standa undir gímaldi sem stækkar bara og stækkar. Í stað þess að einbeita sér að því að fara betur með það fé sem fyrir er.

Þetta er svo glórulaus nálgun að hún minnir helst á drykkjumann, sem heldur því statt og stöðugt fram að lausn allra hans vandamála felist í að drekka meira.

Þeim í ríkisstjórninni er reyndar ekki alls varnað því nú segjast þau vilja draga úr kostnaði með því að fækka stofnunum.

En það er eitt að segja og annað að gera. Eins og árangur þriggja starfshópa, með þessi sömu markmiði, hefur sýnt á undanförunum tíu árum. Sú vinna hefur skilað okkur umfangi sem telur 156 stofnanir og kerfi sem telur nauðsynlegt að ríkið haldi úti sérstakri stofnun sem annast geislavarnir. Það er allur afraksturinn.

Hvernig væri að fara að horfast í augu við þá staðreynd að við getum gert svo miklu betur í opinberum rekstri á Íslandi? Með alla okkar velmegun og auðæfi. Það þarf að koma böndum á yfirbygginguna en efla þjónustuna. Fækka pólitískum aðstoðarmönnum en fjölga hjúkrunarfræðingum.

Þetta eru okkar peningar sem þau eru að sýsla með. Við eigum heimtingu á að þau fari betur með þá. ■

”
Þetta er svo glórulaus nálgun að hún minnir helst á drykkjumann.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

odduraevar@frettabladid.is

Hrós

Ríkislögreglustjóri boðaði í gær til blaðamannafundar um aðgerðir sersveitarinnar í Holtasmára og í Mosfellsbæ í fyrradag. Eftir smá fát yfir því hvenær fundurinn færi fram mættu yfirlögregluþjónarnir Karl Steinar Valsson, Sveinn Ingiberg Magnússon og Grímur Grímsson til fundar og upplýstu þjóðina um aðgerðir lögreglu. Yfirlögregluþjónarnir eiga allir sem einn hrós skilið. Þeir voru heiðarlegir með það sem þeir vildu segja og það sem þeir geta ekki sagt sökum rannsóknarhagsmuna í þessu fyrsta hryðjuverkamáli Íslands. Almenníngur verður að fá upplýsingar en lögregla þarf líka vinnurými.

ESB-soðning

Evrópusambandsmálið er einhvern veginn aftur til umræðu á Alþingi eftir að fjórir flokkar lögðu til að gengið yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við sambandið en Gunnar Bragi Sveinsson, þáverandi utanríkisráðherra, sendi ESB eftirminnilega órætt bréf um viðræðuslit hér um árið. Fréttir af karpi þingmanna á dögnum um ESB-inngöngu hefðu nánast getað verið skrifaðar fyrir tíu árum svo gömul er þessi umræða orðin. Við erum við það að leggjast á hnén og grátbiðja um að málið verði klárað, já eða nei, ef ekki til annars en bara til þess að geta lesið um eitthvað allt annað í fréttum á næstu tíu árum en þetta. ■

Erlend fjárfesting



Páll Gunnar Pálsson
forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Öðru hvoru er því haldið fram að eftirlit með samkeppni hér á landi hindri erlenda fjárfestingu. Þessarar orðræðu varð meðal annars vart nú í sumar vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kaupum franska fjárfestingarsjóðsins Ardian á innviðafyrirtækinu Milu. Rannsókninni lauk með sátt í síðustu viku, þar sem aðilar féllust á verulegar breytingar á viðskiptaskilmálum og skilyrði í starfsemi Milu, með það að markmiði að vernda samkeppni.

Undir rannsókn málsins var því haldið fram í íslenskum viðskiptamiðli að samrunaeftirlit hér á landi væri „fjandsamlegt fyrir erlendar fjárfestingar, sem fyrir sé þungt í vöfum.“

Til svars við þessu er rétt að benda á að ákvæði íslenskra samkeppnislaga eiga sér beinar fyrirmyndir í nágrannalöndum og eru að meginstefnu til samhjóða samkeppnisreglum EES-samningsins. Sama á við um beitingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnisreglum, eins og nýleg skýrsla um stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar varpar ágætu ljósi á. Nefna má til dæmis að fyrir rúmu ári ógiltu frönsk samkeppnisfyrirvöld kaup Ardian á fyrirtæki sem rekur orkuinnviði í Frakklandi.

Staðreyndin er nefnilega sú að samkeppnisreglur og eftirlit er til þess fallið að styðja við erlenda fjárfestingu, en ekki öfugt. Samkeppnisreglur ESB og EES, ásamt beitingu þeirra, eru mikilvægur grundvöllur þess að opna markaði. Um leið er fjárfestum gert auðveldara að fjárfesta yfir landamæri og þeim veitt ákveðin víska um það regluumhverfi sem þeir stíga inn í.


Á sama hátt skiptir máli fyrir neytendur hér á landi að erlend fjárfesting styðji við almannahagsmunir. Fyrir nokkrum árum var virtur breskur fræðimaður spurður um það, á fundi um samkeppnismál í Reykjavík, hvort ekki væri hætta á því að samkeppnisreglur og eftirlit hér á landi ynni gegn erlendri fjárfestingu. Glögg er gests augað og hann svaraði með annarri spurningu sem var eitthvað á þessa leið:

„Vilja Íslendingar erlenda fjárfestingu sem grundvallast á því að hinn erlendi fjárfestir hagnist af samkeppnishindrunum eða einokun, á kostnað neytenda?“ ■

”
Staðreyndin er nefnilega sú að samkeppnisreglur og eftirlit er til þess fallið að styðja við erlenda fjárfestingu, en ekki öfugt.

Þú færð
Fréttablaðið
í Bónus

Frítt



Íslensk stjórnsmál og erlend

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Í vikunni flutti Vladímír Pútín ávarp í sjónvarpi. Í kjölfarið þusti fjöldi rússneskra karlanna á netið og gúgglaði hvernig væri best að brjóta á sér handlegg. Einungis þessi rás atburða, þetta orsakasambandi milli orða þjóðarleiðtoga og viðbragða þegnanna ætti að vera nægur vitnisburður um það að þjóðfélag sé á rangri leið, svo kurteislega sé að orði komist. Þegar Katrín Jakobsdóttir flytur stefnuræðu, eins og hún gerði á dögnum, gúgglar enginn hvernig best er að brjóta á sér útlím. Fáir ef nokkrir rjúka heldur til út af orðum hennar og kaupa miða aðra leið til útlanda í hveli. Miðar aðra leið til útlanda seldust upp í Rússlandi eftir ræðu Pútíns.

Hér njótum við þeirrar blessunar að leiðtogi þjóðarinnar getur ekki kvatt fólk í herinn til þess að berjast í stríðum sem enginn skilur. Stundum getur verið þess virði að staldra aðeins við með kaffibollann sinn og horfa út um gluggann og velja því fyrir sér hvernig manni líði sem manneskju af holdi og blóði, sem foreldri, sem syni, sem einstaklingi með eigin skoðanir og reynslu, ef Ísland þyrfti að búa við svona ótuktarstjórnarfar eins og í Rússlandi. Væri maður í fangelsi? Væri maður í felum? Væri maður farinn? Væri maður þægur? Væri maður að skipuleggja uppreisn með samferðafólki sínu einhvers staðar í kjallara í bakhúsi á Nýlendingötu? Væri maður að brjóta á sér handlegginn með sleggju til að forðast herskyldu?



Á því tilfinningaþrungna andartaki þegar tilkynnt var fyrir tveimur árum að Donald Trump hefði tapað fyrir Joe Biden í forsetakosningunum í Bandaríkjunum fór virðulegur stjórnsmálaskýrandi á CNN að hágráta. Léttirinn yfir því að Trump yrði ekki áfram forseti leiddi til ekkasoga og táraflóða hjá fullorðnum manni í jakka-fötum með bindi. Þarna er komið annað orsakasambandi, önnur rás atburða, sem ætti að þjóna einnig sem ágætur vitnisburður um það að þjóðfélag vegi mögulega salt á hengiflugi. Má gera ráð fyrir að Ólafur Þ. Harðarson öskurgráti einhvern tímann, eða Jóhanna Vigdís, í beinni útsendingu í kjölfar kosningaúrslita?

Kannski. Líklega ekki samt. Og þó. Um síðustu helgi náði stjórnsmálaafli sem á rætur sínar að rekja



Hér njótum við þeirrar blessunar að leiðtogi þjóðarinnar getur ekki kvatt fólk í herinn til þess að berjast í stríðum sem enginn skilur.

til nýnasistahreyfingarinnar svona líka ágætum árangri í þingkosningum í Svíþjóð. Órugglega var grátið víða, þótt fréttaskýrandur hafi náð að halda andliti. Hér má einnig gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Hvernig brigðist maður við ef hreyfing stofnuð af nýnasistum næði yfir tuttugu prósentu fylgi? Sjálfsagt berði maður í borð. Sjálfsagt yrði höndum fórnad, þó ekki bókstaflega. Eftir því sem liði á aðlögun að hinum nýja veruleika myndi maður líklega leggja æ meira traust á þá sem ekki eru nýnasistar. Ný markalína stjórnsmálanna yrði dregin. Maður myndi vona að hin áttatíu prósentin stæðu í lappirnar, og sameinuðust gegn rasískum óhugnaði.

Þetta er hin nýja staða. Og kannski er hún ekki svo ný.

Kannski hefur þetta alltaf verið staðan. Að þokkalega vel þenkjandi fólk, í sæmilegu jafnvægi, sem fer ekki í stríð, sem dáist ekki að Hitler, sem hyglar ekki lygþvættingi um að pólitískir andstæðingar selji börn, standi vaktina og sjái til þess, þrátt fyrir alls konar skoðanaágreining sína á milli, að þjóðfélagin gangi, að gríðarstór úrlausnarefni séu leyst, að mannkyn stikni ekki og brenni og að almennrar velferðar, mannréttinda, frelsis og umburðarlyndis sé gætt.

Það er auðvitað þyngra en tárur taki að þetta skuli sífellt vera svona, að vitleysingar geti sett meira og minna allt á hliðina, aflað bulli fylgis og efnt til væringa og skæringa um allar jarðir engum til góðs. En svona er lífið. Kannski er hægt að skilja betur íslenska pólitík í þessu ljósi. Íslensk pólitík er eiginlega án pólitíkur. Ólíkustu öflin á sviðinu hafa bundist einhvers konar tryggðaböndum um að halda í horfinu, halda kyrru fyrir og rugga ekki bátnum. Þetta kann að vera skynsamlegt þegar horft er til annarra landa eins og dæmin sýna. Erum við ekki hólpín? Víða virðast ófgaöfl fljót að skjóta rötum um leið og eitthvað fer úr böndunum.

En þó er sitthvað bogið við þessa nálgun. Ég held að íslenski stjórnsmálastétt ætti að vera óhætt að stinga aðeins upp hausnum og láta skoðanir sínar meira í ljós, leggja fyrir fólk valkosti – í orkumálum, í Evrópumálum, í umhverfismálum, í heilbrigðismálum – og vekja þar með lífsnaðsynleg stjórnsmál aftur til lífs. Kannski þarf, á þessum tímum, að finna til þess hugrekki. Í öllu falli gæti það verið hvatning til líflegri skoðanaskipti hér á landi að þrátt fyrir allt ættum við að geta talað saman án þess að nokkur þurfi að brjóta á sér hönd, öskurgráta eða óttast nýnasista. Í bili alla vega. ■

Gefum kynfræðslu raunverulegt rými

Anna Eir Guðfinnudóttir
framhaldsskólakennari í Menntaskól-
anum við Hamrahlöð

Arna Garðarsdóttir
skólahjúkrunarfræðingur í Menntaskól-
anum í Reykjavík og doktorsnemi

Helga Sigfúsdóttir
meistaraneimi í heilbrigðisvísindum með
áherslu á kynheilbrigði

Kynfræðsla er ævilangt ferli þar sem einstaklingur aflar sér þekkingar og myndar sér skoðanir, viðhorf og gildi um eigin sjálfsmynd og kynverund. Alhliða kynfræðsla byrjar snemma á lífsleiðinni, miðar að aldri hvers og eins, veitir upplýsingar um heilbrigði og vellíðan, leggur áherslu á heilsusamlega hegðun og færni og vinnur með viðhorf og lífsgildi nemandu.

Á haustmánuðum 2020 var tilkynnt um stofnun starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en hópurinn átti að taka út kynfræðslu í íslenskum grunn- og framhaldsskólum og koma með tillögur að úrbótum. Stofnun starfshópsins var vel auglýst í fjölmiðlum, meðal annars með löngu viðtali við Lilju Alfreðsdóttur, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, og tvo meðlimi starfshópsins.

Starfshópurinn lauk störfum í



júní 2021, en í skýrslu hópsins má finna ýmsar tillögur að úrbótum sem myndu bæta gæði kynfræðslunnar sem boðið er upp á í íslenskum skólum. Meðal annars kemur fram að uppfæra þurfi lagarammann um kynfræðslu, kortleggja kennaramenntun hvað varðar kynfræðslu og það námsefni sem er í boði, auk þess að gera aðgerðaáætlun við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Sum þessara verkefna eiga þegar að vera leyst, en ekkert hefur heyrst, hvorki frá Lilju sjálfri né frá nýstofnuðu mennta- og barnamálaráðuneyti. Við veltum fyrir okkur hver tilgangurinn er með stofnun starfshóps og skýrslugerð, ef ekki á að gera þær úrbætur sem lagðar voru fram.

Sýnt hefur verið fram á mikilvægi kynfræðslu með erlendum og íslenskum rannsóknum. Gagnsemi hennar má meðal annars sjá í aukinni smokkanotkun, færri kynsjúkdómamítum en ekki sist í ábyrgari kynhegðun varðandi samþykki, virðingu og sambönd. Þrátt fyrir þetta hefur ekki verið staðið nægilega vel að kynfræðslu á Íslandi, samanber niðurstöður starfshópsins.

Kynfræðsla á að vera skyldufag í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Ekki er nóg að fá inn utan- aðkomandi aðila í einstaka kennslustund og láta þar við sitja. Í dag er engin sérstakur rammi utan um kynfræðslu eða kennslu um kynheilbrigði. Móta þarf stefnu um

hvernig kennsla um kynheilbrigði á að vera, hvað á að kenna, hvernig og hver á að sinna kennslunni.

Ungt fólk kallar eftir betra samtali um kynheilbrigði. Nýlegar íslenskar rannsóknir benda til þess að unglingar telji vera skort á almennum umræðum um kynlíf, tilfinningar og samskipti. Áherslur í kennslu um kynheilbrigði hafa gjarnan verið á notkun getnaðar- og kynsjúkdómavarna, og kynsjúkdóma. Kynlíf snýst þó ekki aðeins um að koma í veg fyrir kynsjúkdómasmit eða óráðgerðar þunganir heldur á það að snúast um allt sem við kemur því að vera kynvera í takt við skilgreininguna á alhliða kynfræðslu. Umræðan hefur til dæmis opnast um mikilvægi kynferðislegrar ánægju og unads. Þessir þættir ásamt umræðu um samskipti, samþykki og virðingu þurfa að vera í forgrunni þeirrar kynfræðslu sem unglingar og ungt fólk fá. Mikilvægt er að unglingar þekki sín mörk og kunni að virða mörk annarra. Kennsla um kynheilbrigði þarf því að koma til móts við þessar áherslur.

Augljóst er að leggja þarf meiri metnað í kynfræðslu og gefa henni raunverulegt rými innan Aðalnámsskrár grunn- og framhaldsskóla. Tímabært er að taka þá umræðu alvarlega og ganga strax til verks til að tryggja kynheilbrigði ungs fólks í landinu. ■

Höfundar greinar eru stjórnarmeðlimir í Samtökum um kynheilbrigði

Kynfræðsla á að vera skyldufag í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins.

Merkisatburðir

- 1459** Fyrsta orrusta Rósastríðanna á Englandi, bardaginn á Blore Heath, er háð.
- 1922** Oddur Oddsson, 74 ára, og Oddný Hannesdóttir, níræð, eru gefin saman í Reykjavík. Þar með verður hún elsta brúður landsins.
- 1941** Snorrahátíð er haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands í minningu 700 ára dánarafmælis Snorra Sturlusonar.
- 1943** 270 kjósendur afhenda Alþingi áskorun um að ganga ekki frá sambandslitum við Dani.
- 1949** Bandaríski söngvarinn **Bruce Springsteen** fæddur.
- 1973** Leifar fellibylsins Ellenar ganga yfir Suðvesturland og valda miklu tjóni á húsum, bátum og bílum. Í Reykjavík nær vindhraði 200 kílómetrum á klukkustund.



1981 Hornsteinn er lagður að Þjóðarbókhöðunni í Reykjavík



Valgerður segir að í félaginu séu nú hátt í hundrað virkir ræktendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alþjóðlegur dagur táknmála

Í dag, 23. september, er alþjóðlegur dagur táknmála. Í tilefni þess verða ýmsar opinberar byggingar á borð við Perluna, Kópavogskirkju, Háskóla Íslands og Samskiptastöð heyrnarlausra lýstar með bláum ljósgeisla, en blár er táknlitur fyrir jafnréttis-



baráttu heyrnarlausra og táknaðsins í samfélaginu.

Dagurinn er tilkominn fyrir tilstilli Alþjóðasambands heyrnarlausra, sem samanstendur af 135 samtökum víðs vegar í heiminum, sem stofnað var á þessum degi árið 1951. Samkvæmt sambandinu eru meira en 70 milljónir heyrnarlausra um allan heim. Meira en 80 prósent þeirra búa í þróunarlöndum. Samanlagt nota þeir meira en 300 mismunandi táknað. ■

Uppskeruhátíð býflugnaræktenda

Býflugnaræktendur munu sam-einast á Sólheimum á uppskeruhátíð um helgina. Ræktandi segir að hunangið sem flugurnar framleiða sé ekki einungis bragðgott heldur einnig frábært sárasmýrli.

arnartomas@frettabladid.is

Uppskeruhátíð Býs – félags býflugnaræktenda fer fram á Sólheimum á morgun. Þar mæta íslenskir býflugnaræktendur með sýnishorn af uppskeru sinni, skiptast á krukum sín á milli og bjóða upp á vörur til sölu.

Félagið var stofnað árið 2000 og eru félagar um 130 talsins en virkir ræktendur hátt í hundrað. Valgerður Auðunsdóttir, gjaldkeri félagsins, kynntist áhugamálinu árið 2010.

„Ég var stödd á landbúnaðarsýningu á Helli þegar Egill Rafn, formaður félagsins, var að kynna býflugnarækt. Ég var búin að ganga nokkrum sinnum fram hjá honum áður en ég fór loksins til hans og sagði honum að mig langaði að prófa. Hann sagði mér þá bara að koma á námskeið,“ segir Valgerður. „Við erum bændur, ræktendur og náttúrufólk almennt, svo að þegar ég kom heim og stakkt upp á að við færum í býflugur þá voru allir til.“

Upp og niður

Að kíkja á námskeið er þannig fyrsta skrefið í ferli hvers upprennandi býflugnaræktanda. Áður en ræktunin hefst þarf þó að fjárfesta í hinu og þessu.

„Það þarf að panta flugur. Við kaupum þær frá Álandseyjum sem er eini staðurinn í Evrópu sem er laus við sjúkdóminn. Þau sem koma á námskeið fá stuðning

Nokkrar staðreyndir um býflugur

- Á Íslandi eru ræktaðar vestrænar hunangsflugur (apis mellifera).
- Býflugur eru með fimm augu.
- Vængjasláttur býflugna framkallar kunnuglegt suðið í þeim, en þær geta blakað vængjum sínum meira en 11 þúsund sinnum á mínútu.
- Býflugnadrottning getur verpt allt að tvö þúsund eggjum á dag.
- Hvort býflugur verður drottning eða þerna ræðst af því hvernig fóður hún fær í upphafi.
- Aðeins kvenkyns býflugur stinga.
- Varroa er nafn mítilsins sem hrjáir býflugur í Evrópu utan Álandseyja.

frá öðrum sem eru í þessu,“ útskýrir Valgerður. „Svo þarf að kaupa býkúpu og allt annað sem til þarf – flugurnar, fóðrið, gallann og svo framvegis. Þetta er kostnaður upp á 600-700 þúsund kannski fyrsta árið.“

Þótt að dreifbýlið hljómi sem mun álitlegri staður til býflugnaræktar en þéttbýlið segir Valgerður að ræktun fari líka fram í bænum.

„Það eina sem hamlar því, sem er kannski minna um núna, er þegar fólk er að eitra garðana sína,“ segir hún. „Það veldur því að flugurnar lenda í eitri þegar þær sækja í blóm í annarra manna gördum. Þær eru nefnilega ekki að fara inn í hús hjá fólki og eru ekki að áreita fólk eins og geitungarnir.“



Flugurnar ráða því sjálfar í hvað þær sækja.

Aðspurð hvort ræktunin hafi gengið vel hjá henni frá því að hún hófst svarar Valgerður neitandi.

„Nei, nei, þetta hefur ekkert alltaf gengið vel. Þetta er bara eins og með aðra ræktun – þetta er upp og niður.“

Bragðgott sárasmýrli

Afrakstur ræktenda er þó ekki alltaf sá sami og mikill munur getur verið á bragði, áferð og öðru. Hvað veldur?

„Flugurnar ráða því sjálfar í hvað þær sækja,“ segir Valgerður. „Ég er hér heima – þar er túnröð, blóm og svona láglendisgróður. Sumir eru kannski með lyng, aðrir með trjárætur – af þessu myndast misjafnt bragð af hunanginu.“

Aðspurð um uppáhalds hunangstengdar uppskriftir segist Valgerður ekki eiga neina slíka.

„Ég nota þetta bara sem bragðbæti, við kvefi og fyrir sóttþreinsun,“ segir hún en bendir einnig á lækningarmátt hunangsins. „Þetta er besta sárasmýrli sem hægt er að fá. Þegar að hrossin okkar slasast þá er hunangið það besta sem hægt er að nota í sár.“

Uppskeruhátíðin stendur yfir á Sólheimum á morgun á milli klukkan 12 og 17. ■

Þetta gerðist: 23. september 63 f.Kr.

Ágústus fæddist

Gaius Oktavíus fæddist þann 23. september 63. f.Kr. Hann var af virtri en tiltölulega lítt þekktri ætt en átti eftir að blandast inn í valdabaráttu Rómaveldis fyrir tilstilli ömmubróður síns Júlíusar Sesar sem varð sigursælasti herforingi Rómaveldis.

Þegar Sesar var ráðinn af dögum kom fram í erfðaskrá hans að hann hafði ættleitt Oktavíus sem kjörson og erfingja, og tók Oktavíus upp nafnið Gaius Júlíus Sesar. Oktavíus

átti síðar í stormasömu sambandi við Markús Antóníus og voru þeir ýmist fjendur eða bandamenn þar til að sauð upp úr í borgarastyrjöld þar sem Oktavíus hafði betur.

Eftir að Antóníus var frá var Oktavíus í raun einráður yfir Rómaveldi. Á árunum sem eftir fylgdu ruddi hann brautina að því að verða fyrsti keisari Rómur. Sá friðartími sem fylgdi í veldinu í kjölfarið var nefndur Pax Romana eða Rómarfriður. ■



Elsku pabbi okkar, tengdapaðbi, afi og langafi,

Hörður Lárusson

Eftasundi 63,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 20. september. Útför auglýst síðar.

Unnur Harðardóttir
Lárus Þ. Harðarson
Tryggvi Harðarson
Anna Guðrún Harðardóttir
Hafðís Harðardóttir

Jón Eiríksson
Tína Hardarson
Harpa Jónsdóttir
Hallgrímur Guðmundsson
Jóhann Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Minningarathöfn um ástkæra dóttur okkar og systur,

Ástu-Mariú Jakobsdóttur

(30. október 1992 – 7. ágúst 2022)

fer fram í Frikirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 28. september nk. kl. 15.00.

Útförin fór fram í Jönköping 5. september sl.

Að athöfn lokinni verður komið saman í safnaðarheimili Frikirkjunnar og boðið upp á léttar veitingar: vinsamlegast tilkynnið á netfangið jakob.jonsson@gmail.com hvort þið hyggist vera þar með.

Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vildu minnast Ástu-Mariú er bent á að styðja Krýsuvíkursamtökin.

Jakob S. Jónsson
Guðrún Antonsdóttir og Dan Hillergård
Jón Hnefill
Svava og Kris
Anton og Ermina
ásamt fjölskyldu.

MEKÓ

MEKÓ

MEKÓ

MEKÓ

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGI

Sigursteinn Snorrason yfirbjálfari hjá Mudo Gym og stjórnarmaður í Taekwondosambandinu, sem fagnar 20 ára afmæli sínu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Blásið til sóknar hjá Taekwondosambandi Íslands

Það stendur mikið til hjá Taekwondosambandi Íslands en á morgun heldur það upp á 20 ára afmæli sitt með veglegri hátíð í Íþróttahúsinu Strandgötu í Hafnarfirði. **2**



Guðmundur
Hilmarsson
gummi@
frettabladid.is



Mikill áhugi er hjá börnum og ungmennum á taekwondo-íþróttinni hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

„Það verður mikið húllumhæ hjá okkur í kringum þetta afmæli. Við erum búin að fá til okkar erlendan gestakennara. Hann heitir Aaron Gassor, er YouTube-stórstjarna og hefur komið hingað einu sinni áður. Svo ætlum við að krydda þetta með alls konar leikjum og skemmtilegheitum og leyfa krökkunum okkar að prufa sig í því sem hann er að gera. Við ætlum að grilla og bjóða upp á kræsingar eins og afmælisköku,“ segir Sigursteinn Snorrason, ritari Taekwondosambandsins, en hann er einnig þjálfari yngri landsliða og yfirþjálfari hjá Mudo Gym.

Taekwondo er kóresk bardaga- og sjálfsvarnaríþrótt. Hún er þróuð út frá gamalli hernaðarlist Kóreumanna og byggist fyrst og fremst á sjálfsvörn þar sem fæturnir spila aðalhlutverkið.

Taekwondo skiptist í tvo meginhluta: Poomse og Sparring. Poomse er sú hlið taekwondo þar sem einn aðili framkvæmir tæknilegu hlið hennar. Sparring er aftur á móti sjálf bardagahlíðin þar sem tveir eða fleiri aðilar koma saman og berjast.

Taekwondo er viðurkennd af Alþjóðlega Ólympiuráðinu og var sýningariþrótt á leikunum 1988 og 1992. Taekwondo var síðan í fyrsta skipti með sem opinber keppnisíþrótt á Ólympiuleikunum í Sydney árið 2000.

Covid-tíminn erfiður

Spurður hvernig íþróttinni vegni hér heima á þessum tímamótum segir Sigursteinn: „Sannast sagna þá hefur það gengið upp og ofan. Covid-heimsfaraldurinn var greinilega erfiður fyrir mörg félög og það hefur fækkað mjög mikið hjá sumum félögum. Ef andstæðingarnir hætta að mæta til leiks þá getur verið erfitt að keppa í íþróttinni. Við í Taekwondosambandinu lítum í rauninni á þetta sem núllpunkt og ætlum að vekja aftur upp þessi félög sem standa tæpt. Sem betur fer erum við með nokkur félög sem standa enn mjög sterkt og við ætlum að nýta okkur

þeirra hjálpi til að aðstoða hin og stefnan er sú að eftir eitt ár verði þetta komið aftur á svipaðan stað,“ segir Sigursteinn, sem hefur haft í nógu að snúast við að undirbúa afmælishátíðina sem og að þjálfna.

Stunda margir krakkar íþróttina?

„Já, mjög margir. Í félaginu sem ég kenni hjá, Mudo Gym, byrjum við til að mynda að taka inn tveggja ára gömul börn. Fólk spyr mig að því hvort það sé ekki allt of ungt en þá vitna ég í það þegar frændi minn byrjaði að æfa, enn þá með bleyjuna tveggja ára gamall. Í dag er hann sá yngsti með svarta beltið í fjórðu gráðu. Hann náði því þegar hann var tvítugur. Þessir krakkar sem eru hjá okkur eru farin að láta að sér kveða á alþjóða vettvangi. Þau byrjuðu flest frekar ung, sýndu strax mikinn metnað og eru að uppskera.“

Ætlum að blása í seglin

Sigursteinn segir að verið sé að endurvekja landsliðsstarfið eftir erfiðan tíma í Covid-faraldrinum. „Landsliðsverkefningin lágu meira og minna niðri í 2-3 ár á Covid-tímnum og Alþjóðlega Taekwondosambandið aflýsti í rauninni öllum mótum í átján mánuði. Þegar mótið fóru svo aftur af stað þá fóru nánast engir að keppa af því að öðru hverju móti var aflýst eða frestað vegna heimsfaraldursins. Það má eiginlega segja að það hafi verið tveggja ára keppnisþása hjá öllum.“

En núna ætlum við að blása í seglin. Við ætlum að húa öllum saman á afmælishátíðina og um næstu helgi ætlum við byrja á landsliðsúrtaði fyrir unglingsstarfið okkar. Þar á eftir verður fyrsta bikarmótið í næstum tvö ár haldið og svo eftir það má segja að á hverri helgi fram að áramótum verði einhver viðburður á vegum sambandsins,“ segir Sigursteinn.

Afmælishátíðin fer fram í íþróttahúsinu Strandgötu í Hafnarfirði á morgun. Hún hefst klukkan 10.30 og stendur fram til klukkan 15. ■



Sigursteinn segir að Covid-tíminn hafi reynst félögum erfiður en nú horfi til betri vegar.



Taekwondo er bardagaiþrótt en það er nauðsynlegt að teygja vel á öllum vöðvum.

NÝ SENDING Í CURVY ÚLPUR OG KÓSÝ PEYSUR

Fallegar og vandaðar danskar vörur í stærðum 42-60

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy

FRÍ HEIMSENDING
EF ÞÚ VERSLAR YFIR
10.000 KR



Zizzi Úlpa
21.990 kr



Rain Puffer
Vatnsheld úlpa
25.990 kr



A-shape Peysa
6.990 kr



Camp Jakki
16.990 kr



Wool Peysukjöll
9.990 kr

Curvy

Fellsmúla 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Frímínútur



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Ingunn Lára
Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is



Októberfest í Bruggsalnum Bryggjan brugghús, Grandagarði

Hvað?

Bryggjan brugghús slær upp heljarinnar Októberfest á laugar-ardag. Enginn aðgangseyrir er í teitina en þó er mælt til þess að gestir bóki borð, þar sem setið er við 12 manna langborð til að fanga andrúmsloftið sem best. Boðið er upp á einstakt úrval bjóra á krana og svo verða góm-sætir þýskir réttir að sjálfsögðu á staðnum. Klukkan 20 stígur hljómsveit á stökk og það er aldrei að vita nema bæverskir tónar ómi um staðinn.

Fyrir hvern?

Fyrir þá sem hafa gaman af því að drekka bjór og borða góðan mat í góðra vina hópi er Októberfest að sjálfsögðu sannkallaður hápunktur haustsins. Það skemmir ekki fyrir að stutt er í bæinn af Grandanum, vilji fólk halda gleðinni áfram. ■

Skandall vikunnar

Lausgyrtur Levine

Bandaríska poppstjarnan og forsprakki hljómsveitarinnar Maroon 5 á skandal vikunnar að þessu sinni. Instagram-fyrirsætan Sumner Stroh steig fram á mánudag og tjáði sig um meint ástarsamband með hinum harðgifta Adam Levine, og birti því til stuðnings skjáskot af samskiptum þeirra á samfélagsmiðlum. Stroh greindi frá þessu á TikTok skömmu eftir að Levine og eiginkona hans til átta ára, Victoria's Secret-undirfatamódelið Behati Prinsloo, kynntu heiminum um að þriðja barnið væri á leiðinni.

Levine brást við með því að senda bandaríska slúðurmiðlinum TMZ yfirlýsingu á þá leið að hann hefði vissulega sýnt dómgreindarleysi með daðri en neitaði þó allri sök þegar kæmi að framhjáaldi eða ástarsambandi.

Það leið ekki á löngu þar til fleiri konur stigu fram og í gær steig fimmta konan fram. Allar konurnar sem hafa sakað Levine um daður eiga það sameiginlegt að vera Instagram-fyrirsætur og vera um tvítugt.

Adam Levine er fæddur 1979 og er því 43 ára gamall. Hann hóf ferilinn árið 1994 með hljómsveitinni Kara's Flowers, sem gaf út eina plötu sem floppaði svakalega. Hljómsveitin var þó ekki af baki dottin, kom saman á ný undir merkjum Maroon 5 og sló eftirminnilega í gegn árið 2002 og hefur átt dyggan aðdáendahóp síðan. ■



Hvað er um að vera í næstu viku?

26. september
mánudagur



Leiklistar- og spunaklúbbur Borgarbókasafninu Gerðubergi kl. 16.00

Vigdís Hafliðadóttir og Vilhelm Neto kenna spunatækni og uppistand. Kennslan fer fram á einfaldri íslensku og er opin öllum sem vilja kynna sér töfra leikrænnar tjáningar.

Módelteikning Klifið kl. 20.00

Námskeið hannað fyrir þá sem vilja ná grunnfærni í módelteikningu. Notast verður við blýant, strokleður og hnoðleður sem nemendur útvega sjálfir.

27. september
þriðjudagur

Megawhat! Elliðaárstöð kl. 17.00

Tilraunakennt sirkuslistaverkefni þar sem sirkusfólk Hringleiks ásamt þátttakendum rannsaka saman eðli hluta.

Leiklist fyrir fullorðna Listdansskóli Íslands kl. 20.00

Unnið að því að losa um hömlur og fá útrás fyrir sköpunargleðina í spuna og leik. Sex tíma námskeið í leiklist fyrir fullorðna. Verð: 45.000 kr. fyrir alla tíma.

28. september
miðvikudagur

Harry Potter klúbbur 9–12 ára Borgarbókasafnið Kringlunni kl. 14.30

Í klúbbnum koma aðdáendur Harry Potter saman til að spila, spjalla, teikna, fönndra, horfa eða bara allt það sem klúbbmeðlimum dettur í hug að gera sem tengist Harry Potter.

RIFF Barsvar Hús Máls og menningar kl. 20.00

Hugleikur Dagsson og Sandra Barilli verða með kvikmyndabarsvar í tilefni RIFF. Fullkomið tækifæri til að láta ljós sitt skína og vita betur.

29. september
fimmtudagur

Sýningarlok Erró: Sprengikraftur mynda Listasafn Reykjavíkur kl. 17.00

Síðustu forvöð að sjá sýninguna í Hafnarhúsi. Fritt inn í Hafnarhús frá 17-22.00.

Opunarviðburður Bleiku slaufunnar Háskólabíó kl. 19.00

Bleik stemning. Aðgangseyrir er kr. 4.500 og innifalið er miði á sýninguna og Bleika slaufun 2022.



Uppskriftin

Súkkulaðisæla fyrir efnafræðinörða

Til þess að gera hina fullkomnu súkkulaðimús þarf bara súkkulaði, vatn og smá handafl. Franski efnafræðingurinn Hervé This fann upp á uppskriftinni og hún hefur farið eins og eldur í sinu um netheima.



Súkkulaði er eitt hvað sem flestir geta sætt sig við. MYND/GETTY

Tveggja hráefna súkkulaðimús

227 grömm af dökku súkkulaði (helst um 60 prósent dökkt)
175 ml heitt vatn

Blandið súkkulaðinu saman við heita vatnið í gler- eða plastskál og hrærið með þisk. Þegar súkkulaðið er bráðnað alveg setjið skálina strax ofan í stærri skál með köldu vatni og klökum og haldið áfram að hræra

með þisk. Nú þurfið þið að sýna þolinmæði og hræra stöðugt í átta mínútur og 30 sekúndur svo nóg loft komist í súkkulaðið. Takið þá skálina úr ísbaðinu og haldið áfram að hræra með þisk þar til súkkulaðið þykknar og verður að mús. Þá þarf bara að bera fram og njóta. ■

Netfyrirbærið



Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, guðfaðir Flokks fólksins á Akureyri, í skapalóni dónakallsins. MYND/SKJÁSKOT

Erfitt að vera dónakar í dag

Þrjár konur sem skipuðu efstu sæti á lista Flokks fólksins á Akureyri í vor lýstu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og einelti af hálfu forystumanna flokksins. Sögðust þær vera ítrekað hunsaðar og lítillsvirtar af karlmönnum á listanum.

Einn angi málsins hefur vakið sérstaka athygli í vikunni og það eru ummæli sem Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, sem kallar sig guðföður listans, lét falla í viðtali á RÚV. Hann sagðist elska konur og myndu aldrei leggja hendur á þær.

Í sama viðtali kallaði hann konurnar á listanum „svikakvensur“ og minnst liðinna daga þegar hægt var að klappa konum á rassinn án þess að vera sakaður um kynferðisofbeldi. Hann myndi þó aldrei gera það við konurnar sem um ræðir. Nú væru breyttir tímar.

Netverjar á Twitter rifjuðu upp góða línu úr Fóstbræðrum um Félag íslenskra dónakarla, þar sem persóna Jóns Gnarr segir að það sé erfitt að vera dónakar í dag, sérstaklega út af öllum þessum kellingum. ■

Átti kannski ekkert að vera fyndið árið 1985

Gamanmyndahátíð á Flateyri var stofnuð árið 2017. Hátíðin hefur legið í dvala síðustu tvö árin vegna heimsfaraldurs kórónaveiru en er nú snúin til baka af krafti.

Eyþór Jónsson, kvikmyndagerðarmaður og stofnandi hátíðarinnar, segir kjarnann að hátíðinni felast í að skapa mótvægi við hina þungu og dökku ímynd sem ríkir í kringum íslenska kvikmyndagerð.

„Okkur langaði að reyna að finna hómorinn aftur og reyna að hvetja til gamanmyndagerðar,” segir hann. „Nú er það þannig að okkar uppáhalds gömlu myndir, Með allt á hreinu og Dalalíf og Stella í orlofi, eru allt saman gamanmyndir. Svo hættum við að gera gamanmyndir af því að heiminum fannst svo frábært að sjá þung-



lyndar myndir frá Íslandi. Við gleymdum að sinna okkar eigin markaði sem gengur líka út á að fara í bíó og hlæja og hafa gaman,” segir Eyþór. „Íslensk kvikmyndagerð er alveg stórkostleg en svoltið dramatísk. Þunglyndir,

Eyþór Jónsson, leikstjóri og stofnandi Gamanmyndahátíðarinnar á Flateyri.

MYND/
ARJAN WILMSEN

svo heimamenn og kvikmyndaáhugamenn,” segir hann.

Aðspurður hvort íslenskar gamanmyndir eldist vel, svarar hann: „Já, flestar af þessum perlum eldast mjög vel og verða fyndnari með hverju árinu sem við sýnum þær. Það sem átti kannski ekkert að vera fyndið árið 1985 er mjög fyndið í dag.“

Stofnandi gamanmyndahátíðar hlýtur að eiga sér eftirlætis íslenska gamanmynd?

„Dalalíf er heiðursmynd ársins. Verður maður ekki að segja það?“ segir Eyþór. „En þetta eru yfirleitt svona partísýningar og við veitum vel af bjór og það er mikið fjör. Það er ótrúlegt hvað fólk getur talað með myndunum og allir kunna annan mynd frasa í öllum þessum myndum, og myndast þá mikil stemning og svo er sungið með,” segir Eyþór Jónsson. ■

Upplýsingatækni

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 23. september 2022

Kynningar: Dokobit, Unimaze, Advania, dk hugbúnaður



Ólafur Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi, segir það gefandi að sjá hversu hratt árangurinn kemur fram hjá viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér lausnir Dokobit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ert þú tilkynningarskyldur aðili?

Lausn Arango og Dokobit einfaldar fyrirtækjum að afgreiða áreiðanleikakannanir ef þau eru skuldbundin samkvæmt lögum til þess að staðfesta uppruna fjármagns til varnar gegn peningabætti. [2](#)



Erla Andrea Pétursdóttir (t.v.) starfar sem ráðgjafi hjá Arango og Ragna Klara Magnúsdóttir (t.h.) er viðskiptastjóri Dokobit á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með auknum aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þurfa sífellt fleiri fyrirtæki að framkvæma áhættumat gagnvart viðskiptavinum sínum til að uppfylla kröfur laga nr. 140/2018 í þeim tilgangi að staðfesta uppruna fjármagns. Sem dæmi um tilkynningarskylda aðila eru bókhaldsstofur, endurskoðendur, fjármálafyrirtæki, lögfræðistofur, bílaumbod, fasteignasölur og margir fleiri.

Hentug lausn fyrir tilkynningarskylda aðila

Arango hefur í samstarfi við Dokobit þróað lausnir í Power Platform frá Microsoft sem spara fyrirtækjum gríðarlega vinnu og tíma og auka hagræði með því að nýta lausnir Arango ásamt rafrænum undirritunum frá Dokobit. Ein af þessum lausnum snýr að gerð áreiðanleikakannana og áhættumats á viðskiptavinum.

Arango er hugbúnaðar- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í innleiðingum á Microsoft viðskiptalausnum fyrir sölu, þjónustu og markaðssetningu. Í því felst að sjálfvirknivæða ferla sem snúa að samskiptum og þjónustu við viðskiptavinum, birgja og aðra hagaðila í þeim tilgangi að bæta þjónustu og skilvirkni, auka tekjur og hagræði í innri ferlum við vinnu starfsmanna.

„Með nýlegum lögum um peningabætti gera yfirvöld kröfu á ýmis fyrirtæki að gera áhættumat á viðskiptavinum sínum í þeim tilgangi að greina uppruna fjármagns. Þetta hefur kallað á töluverða handavinnu og utanumhald

hjá tilkynningarskyldum aðilum sem framkvæma þurfa áhættumat ið reglulega. Arango hefur þróað lausn, Arango AML, sem gerir fyrirtækjum kleift að senda út áreiðanleikakannanir á hundruð fyrirtækja og einstaklinga í einu með rafrænni auðkenningu, ásamt því að halda utan um gagnaðflun og áhættuflokkun á einum stað. Löggin gera kröfu um að aðilar sem koma fram fyrir hönd lögaðila sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja. Með því að nýta rafrænar undirskriftir frá Dokobit er ferlið einfaldað og að fullu rekjanlegt,“ segir Erla Andrea Pétursdóttir, ráðgjafi hjá Arango.

Þrátt fyrir að undirbúningur laganna hafi staðið yfir í þó nokkurn tíma hefur mörgum fyrirtækjum skort einfaldar lausnir til þess að geta mætt þessum auknu kröfum sem þau þurfa núna að gangast undir. Uppsetningin á Arango AML er mjög einföld sem þýðir að hægt er að byrja að nota hana á skömmum tíma.

Aukin skilvirkni hjá VIRTUS

„Við hjá VIRTUS tókum stór skref í átt að stafrænni þjónustu með því að taka í notkun lausnir Arango. Við munum auka skilvirkni í utanumhaldi viðskiptavinaupplýsinga með Arango365. Með lausnum Arango höldum við utan um samninga, umbod og fleiri skjöl sem tengjast okkar rekstri með skilvirkum hætti og nú eru öll skjöl undirrituð rafrænt sem sparar bæði okkur og okkar viðskiptavinum mikinn tíma og fyrirhöfn. Við framkvæmum nú áreiðanleikakannanir beint úr kerfunum

og höfum yfirsýn yfir stöðu þeirra, en við höfum nú þegar sent frá okkur áreiðanleikakannanir á alla okkar viðskiptavinum með rafrænum hætti,“ segir Rósa Kristín Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjá VIRTUS.

Ánægðari viðskiptavinir og betri þjónustuupplifun

Dokobit er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem þróa lausnir fyrir rafrænar undirskriftir, auðkenningar, rafræn innsigli og tengdar lausnir. Fyrirtækið var stofnað árið 2008 en á síðasta ári jókst notkunin yfir 400% og fjöldi viðskiptavina þrefaldaðist. Lausnir Dokobit styðja fjölda rafrænna skilríkja í Evrópu en hafa auk þess hafið dreifingu á nýjum rafrænum skilríkjum sem standa öllum til boða í Evrópu og víðar.

„Við hjálpum fyrirtækjum að ná sem mestum árangri með því að bæta þeirra þjónustu og viðskiptaferla. Viðmið almennings á því hvað telst vera „göð þjónusta“ hefur hækkað hratt á stuttum tíma en í dag vilja aðilar geta afgreitt öll verkefni samstundis. Það er mjög gefandi að sjá hversu hratt árangurinn kemur fram hjá viðskiptavinum. Munurinn á ýmsum ferlum fyrir og eftir, aukinn afgreiðsluhraði, ánægðari viðskiptavinir með betri þjónustuupplifun, minna kolefnisfótspor og svo framvegis gerir umbæturnar strax áþreifanlegar. Þetta er án efa skemmtilegasti hlutinn af okkar starfsemi, það er að fá að fylgjast með árangrinum sem okkar lausnir eiga þátt í að skapa hjá samstarfsaðilum,“ segir Ólafur

Nú eru öll skjöl undirrituð rafrænt með tengingum við Dokobit og heyra því innsláttur, útprentanir á skjölum og akstur skjala sögunni til.

Erla Andrea hjá Arango

Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi.

Handavinnan heyrir sögunni til

Annað dæmi um árangursríkt samstarf Arango og Dokobit snýr að lausn fyrir nýskráningar ökutækja og eigendaskipti. Arango þróaði þar lausn í samvinnu við Dokobit, Samgöngustofu og bílaumbod sem umbylti ferlinu við nýskráningu ökutækja og gerði það að fullu samþætt innri kerfum umbodanna.

„Áður var ferlið þannig að nýskráningarbeiðni og fulltrúaskoðun ökutækja var fyllt út á pappír við sölu og afhendingu ökutækis. Daglega var þessum pappírnum ekið til Samgöngustofu þar sem gögnin voru slegin inn. Þetta hafði í för með sér tafir á afhendingu ökutækja, villuhættu við innslátt og annan kostnað. Nú byggja nýskráningarbeiðnin og fulltrúaskoðunin á gögnum í undirliggjandi Dynamics 365 kerfum viðskiptavina og öll skjöl eru undirrituð rafrænt með tengingum við Dokobit og heyra

því innsláttur, útprentanir á skjölum og akstur skjala, sögunni til,“ segir Erla.

Aukin samvirkni með rafrænu auðkennisveski

Notkun rafrænna skilríkja er stöðugt að aukast en tæknin er á sama tíma í stöðugri þróun og algengt að þau séu að færast af SIM-kortunum yfir á sjálf handtækin eða annað form. Á síðasta ári gaf Auðkenni út Auðkennisappið sem er ný kynslóð af rafrænum skilríkjum á Íslandi. Með því að setja rafræna skilríkin í app snjallsímaforrit geta aðilar haft rafræn skilríki í farsíma eða spjaldtölvu án þess að vera með SIM-kort og íslenskt símanúmer.

Þetta gefur til dæmis Íslendingum sem eru búsettir erlendis tækifæri til að nálgast þjónustu án þess að þurfa að hafa íslenskt símanúmer. Evrópusambandið vinnur nú hörðum höndum að undirbúningi næstu útgáfu eIDAS 2.0 reglugerðarinnar sem er það lagaumhverfi sem gildir um rafrænar undirskriftir og aðrar traustþjónustur. Í nýja regluverkinu er mikil áhersla á rafrænt auðkennisveski og aukna samvirkni á milli landa sem gefur sterka vísbendingu á þá stefnu sem framtíðin mun taka á næstu árum. Evrópusambandið er núna að vinna að stafrænu auðkennisveski (e. EU Digital Identity Wallet) sem meðal annars mun stuðla að aukinni samvirkni á milli landa. ■

Dokobit
Part of Signicat



Einar Geir Jónsson er framkvæmdastjóri Unimaze. Hann segir tæknina í dag vera orðna svo góða að ástæðulaust sé að halda lengur í gamla ferla.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Digitizer breytir reikningsniðum í rafræn skjöl

Fjármálataeknifyrirtækið Unimaze, sem hefur verið starfrækt í níttján ár, kynnti á sínum tíma rafræna skeytamiðlun fyrir íslenskum markaði og er nú með þeim fremstu í heiminum í bókhaldstæknigeiranum.

„Við erum að miðla stöðluðum viðskiptaskjölum og best þekkta viðskiptaskjalid er reikningur þannig að við erum að miðla rafrænum reikningum: miðla reikningum eða skjölum úr einu bókhaldskerfi yfir í annað en auðvitað er þetta frá kaupanda til seljanda,“ segir Einar Geir Jónsson, framkvæmdastjóri Unimaze.

„Hér áður fyrr sendu menn reikning til kaupanda. Hjá kaupanda var einhver sem tók á móti reikningum og færði allar upplýsingarnar inn í bókhaldið en hjá okkur eru þessar upplýsingar lesnar inn sjálfkrafa „rafrænt“, þannig að upplýsingarnar á reikningi birtast á tölvuskjámum hjá kaupanda og það eina sem kaupandinn þarf þá að gera er að smella á „já“ og samþykkir þar með reikninginn“ eða „nei, það vantar afslátt“ eða eitthvað álíka og biður sendanda eða birgi að senda sér nýjan reikning með réttum upplýsingum. Þannig að það er ekki lengur verið að handfæra inn sömu upplýsingarnar á tveimur mismunandi stöðum: annars vegar hjá kaupanda og hins vegar hjá seljanda. Þetta er í grunninn það sem við gerum.“

Unimaze þjónustar rúmlega 7.000 lögadila á Íslandi og segir Einar að hjá fyrirtækinu hafi alltaf verið lögð áhersla á að fylgja stöðlum.

„Það þýðir að allir geri hlutina eins þannig að ef ég geri þetta svona og hinn aðilinn öðruvísi þá er engin samræming í gangi og takmörkuð hagræðing; þannig þóssum við upp á að allir geri eins. Þá er svo auðvelt fyrir tölvurnar að lesa allt í einu og það er meiri hagræðing í því.“

Móttaka
Gjaldmiðill - ISK

	Móttaka	Innsláttur	Samþykktir reikningar	Umdeildir reikningar	Greiðslustýring	Geymsla reikninga	Samtals
Pappír	140 kr.	383 kr.	511 kr.	318 kr.	613 kr.	281 kr.	2246 kr.
Rafrænt	0 kr.	0 kr.	153 kr.	255 kr.	255 kr.	102 kr.	765 kr.
PDF	0 kr.	383 kr.	511 kr.	318 kr.	613 kr.	102 kr.	1927 kr.

Sending
Gjaldmiðill - ISK

	Prenun/umslag /sending	Greiðslu-áminning	Greiðslumiðlun og fjárfstýring	Skjalavarsla	Samtals
Pappír	547 kr.	70 kr.	631 kr.	309 kr.	1539 kr.
Rafrænt	0 kr.	0 kr.	420 kr.	112 kr.	532 kr.
PDF	0 kr.	70 kr.	631 kr.	309 kr.	1010 kr.

Einar segir að varðandi þessa rúmlega 7.000 viðskiptavini sé um að ræða allt frá litlum fyrirtækjum upp í þau allra stærstu.

„Við erum að þjónusta ríki og sveitarfélög og stærstu fyrirtæki landsins. Við hjálpum öllum þegar kemur að þessum rafrænum reikningum.“ Þess má geta að Unimaze þjónustar ekki bara íslenska viðskiptavini heldur eru þeir í hinum ýmsu löndum.

Digitizer losar þig við allan pappír úr bókhaldinu

Unimaze Digitizer er ein af lausnum Unimaze sem breytir reikningsniðum svo sem png, jpeg og PDF í rafræn skjöl eða reikninga og er engin þörf á að slá inn reikninga handvirkt í bókhaldskerfi með þessari auðveldu notkun.

„Við erum að breyta tölum og bókstöfum á til dæmis PDF í eitthvað stafrænt. Eins og ég sagði áðan þá voru reikningar áður fyrr sendir í umslagi eða tölvupósti og þó svo reikningurinn væri í tölvupósti þá var það mjög

gott fyrir sendandann en það gerir ekkert fyrir móttakandann sem þurfti enn þá annaðhvort að prenta út reikninginn eða vera með tvo skjái. Á öðrum skjámum var hann með PDF-skjalið og á hinum bókhaldskerfið og svo sló hann upplýsingarnar inn. Digitizer kemur í veg fyrir þetta. Við erum núna með töl sem raunverulega les PDF-skjalið og breytir því í rafræna reikning þannig að það er enginn innsláttur. Þannig að þeir sem eru að taka við mikið af PDF-reikningum þurfa með Digitizer, ekki að vera að slá inn þessar upplýsingar; þetta eru gjarnan fyrirtæki sem eru í miklum viðskiptum við útlönd vegna þess að á Íslandi er meirihluti fyrirtækja farinn að senda rafræna reikninga. PDF-reikningar eru enn í meirihluta mjög víða erlendis.

Það er annað sem hangir á spýtni hérna og það er að þeir sem eru mikið í viðskiptum við útlönd eru venjulega með tollakerfi og þurfa að senda tollskýrslur í Tollinn. Og hvaðan fá þeir upplýsing-

arnar til að setja inn í tollakerfi? Það kemur frá reikningi. Þannig að það er raunverulega hægt að slá tvær flugur í einu höggi með því að nota Digitizer; það er annars vegar hægt að lesa þetta allt saman inn í bókhaldskerfið eða fjárhagskerfið, eftir því hvaða orð menn nota, og það er líka hægt að lesa þetta inn í tollakerfið. Þannig að það sparar mikla vinnu við allan innslátt.“

Yfir 80 prósent sparnaður fyrir fyrirtæki

Samkvæmt rannsókn sem Ernst & Young gerðu í Frakklandi árið 2019 er talið að fyrirtæki spari sér um 10 evrur eða um 1.400 krónur á hvern reikning. Í rannsókninni var mældur tíminn sem fer í innslátt á upplýsingum reiknings, kostnað við skjölum og útprentun reiknings, greiðsluáminningar og miðlun reikninga.

Einnig voru teknar inn villuhættur sem geta orðið til við innslátt og gerð reikninga og tíminn sem fer í að kreditfæra reikning. Einar Geir, framkvæmdastjóri Unimaze, vísar í þessa rannsókn þegar hann talar um sparnað og hagræðingu sem fylgir því að nýta sér rafræna skeytamiðlun.

„Talað er um að rafræn skeytamiðlun spari um 10 evrur á reikning og þetta er mælt í mínútum miðað við að eyða tíma í að slá inn upplýsingar, geyma og setja í möppu. Ég tala nú ekki um að það er meiri villuhætta þegar verið er að handsla upplýsingar

miðað við þegar þær eru lesnar inn. Þegar allt er saman tekið þá er þetta komið upp í 10 evrur. Ef viðkomandi tekur á móti 1.000 reikningum á mánuði þá eru þetta 1,4 milljónir króna á mánuði sem viðkomandi sparar. Miðað við tólf mánuði á árinu þá eru þetta orðnar yfir 15 milljónir sem viðkomandi sparar sér við það að nota rafræna reikninga miðað við að nota annaðhvort pappír eða PDF. Þarna er bara verið að tala um rafræna reikninga; þarna er ekki verið að tala um tollakerfin eða annað. Það eru fleiri stöðluð viðskiptaskjöl fyrir utan reikninga svo sem innkaupapantanir eða greiðslutilkynningar. Og því meira af þessum skjölum sem viðkomandi miðlar svona á milli í staðinn fyrir að vera að handsla inn þessar upplýsingar, því meira er hagræðið. En þessar 10 evrur eru bara miðaðar við það að nota rafræna reikninga; þær miðast ekki við það að nota fleiri tegundir. Og ef notaðar eru greiðslutilkynningar þá er það afstemming sem er gríðarlega tímafrek ferill og með því að nota greiðslutilkynningar er afstemming nánast óþörf. Þannig að þar sparast mikill kostnaður.“

Einar segist almennt reyna að líta til baka til að skilja af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru.

„Það er vegna þess að stundum eru hlutirnir eins og þeir eru vegna þess að þeir hafa alltaf verið þannig. En í dag er tæknin orðin svo góð að það er ástæðulaust að halda í gamla ferla. Við þurfum að nýta tölvu og tækni meira og betur til að fást við hluti sem ekki krefjast hugsunar og eru sífelld endurteknung og við eigum að nota starfsmenn í að túlka og gera áætlanir og skapa verðmæti.“ ■

Sjá nánar á unimaze.com



Tekist á við áskoranir framtíðarinnar

gummih@frettabladid.is

Skema í Háskólanum í Reykjavík er brautryðjandi í forritunarkennslu fyrir börn á Íslandi. Undirstöðuatriði kennslunnar eru jákvæðni, myndræn framsetning og notkun á þrívíðum forritunarumhverfum til að auðvelda börnum að stíga fyrstu skrefin inn í heim tækninnar.

Úlfur Atlason er verkefnastjóri Skema, sem stendur fyrir fjölbreyttum tækninámskeiðum og vinnur auk þess að því markmiði að kennsla í forritun verði í boði í grunn- og framhaldsskólum landsins.

„Skema er óhagnaðardrifið félag í eigu HR sem vinnur án hagnaðar í þágu samfélagsins. Við erum með það markmið að þjálfa og undirbúa krakka til að takast á við áskoranir framtíðarinnar,“ segir Úlfur en krakkar sem sækja námskeið hjá Skema njóta leiðsagnar þjálfara sem hafa farið í gegnum markvissan undirbúning og þjálfun þar sem farið er yfir tæknilegar hliðar kennslunnar og aðferðafræði Skema.

„Forritun er mikilvægasta tólið sem þú hefur í framtíðinni og hæfnin sem þú þarft að hafa á atvinnumarkaði. Við erum með námskeið fyrir börn á aldrinum 4–14 ára og við kennum ýmislegt. Við kennum forritun, tölvuleiki, vélmennasmiði og ýmislegt annað skemmtilegt. Markmiðið er að fá krakkana til að fá áhuga á forritunartækni,“ segir Úlfur.

Spurður hvenær þessi námskeið hafi byrjað segir Úlfur: „Skema var stofnað árið 2011 af konu sem heitir Rakel Sölvadóttir. Þetta var lengi vel sprotafyrirtæki sem gekk mjög vel en árið 2017 keypti HR Skema. Það er gott að hafa þá innviði sem HR er með og geta boðið krökkunum að mæta í háskólann.“

Komnir með forskot

Hvernig hefur reynslan verið?

„Hún hefur bara verið virkilega góð. Við erum að fá til okkar svona 2.500 börn á hverju ári til að læra forritun. Þá eru þau bæði að mæta á námskeið hjá okkur, á viðburði á bókasöfnum og svo erum við líka inni í grunnskólum að kenna. Þetta hefur reynst ótrúlega vel. Það er gaman að segja frá því að síðustu ár höfum við verið að sjá þetta verkefni skila sér því núna eru krakkar sem komu til Skema 2011–2013 komnir inn í háskólann í tölvunarfræði. Þessir krakkar eru þá komnir með forskot. Ekki það að þeir verði endilega tölvunar-



Hjá Skema er meðal annars kennd forritun, tölvuleikjagerð og vélmennasmiði.

77 Oft eru krakkarnir komnir fram úr kennurunum okkar í hæfni eða hugmyndum. Þeir eru mjög fljótir að ná tökum á þessu og því fyrr sem þeir byrja því betra er það.

fræðingar við það að koma á námskeiðið hjá okkur en þeir hafa þá tileinkað sér forritunarlega hugsun og brjóta niður vandamál og leysa þau.“

Finnið þið fyrir miklum áhuga hjá krökkunum?

„Já, alveg svakalega. Oft eru krakkarnir komnir fram úr kennurunum okkar í hæfni eða hugmyndum. Þeir eru mjög fljótir að ná tökum á þessu og því fyrr sem þeir byrja því betra er það. Við



Um 2.500 börn læra forritun hjá Skema í Háskólanum í Reykjavík á hverju ári.

MYNDIR/SKEMA

höfum verið að tala fyrir því að forritun eigi jafnvel að vera kennd í leikskólum því þessir krakkar eru svo móttækilegir,“ segir Úlfur en Skema hefur í samstarfi við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík, rannsakað þau áhrif sem kennsla í forritun hefur á hina ýmsu þætti

þroska og námsgetu barna.

Flestir grunnskólar landsins meta nám hjá Skema til valeininga til jafns við íþróttir, tónlistarnám eða listnám og hægt er nýta frístundarstyrk sveitarfélaga fyrir 11 vikna námskeiðin. Á haust- og vorönn eru haldin 11 vikna nám-

skeið og er hver kennslustund 1 klukkustund og 15 mínútur. Námskeiðin eru haldin í Háskólanum í Reykjavík. Þau hefjast um miðjan september á haustönn og um miðjan febrúar á vorönn. Samhliða 11 vikna námskeiðunum eru haldin styttri námskeið í HR. ■



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00
OG AFTUR KL. 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.




markadurinn.is



HRINGBRAUT



Digitizer losar þig við allan pappír úr bókhaldinu!



Einfalt og þægilegt viðmót



Nákvæmari innlestur PDF skjala



Tímasparnaður og aukin afkast



Minni handavinna og innsláttur



Ekkert stofngjald og engin innleiðing



100% grænt bókhald



Eru bæði forvitin og athyglissjúk



Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is

Í UT hlaðvarpinu Ský leggja stjórnendur sig fram við að snerta á fjölbreyttum efnunum innan tæknigeirans en ræða um það á nótum sem flest fólk getur skilið.

Stefán Gunnlaugur Jónsson og Kristjana Björk Barðdal hafa haldið úti UT hlaðvarpinu Ský síðan UTmessan var haldin 2021 en þar spjalla þau við alls konar fólk sem tengist upplýsingatækni á einn eða annan hátt.

„Fyrir UTmessuna 2021 kom upp sú hugmynd að halda úti hlaðvarpi samhliða messunni þar sem hún fór fram rafrænt,“ segir Kristjana. „Ætli Covid hafi ekki spilað þar eitthvað inn í og þörfin til að finna nýjar leiðir til að miðla upplýsingatækniboðskapnum.“

Stjórn Ský velti hugmyndinni að hlaðvarpi upp og Kristjana vissi að Stefán hefði líka brennandi áhuga á tækni og reynslu af því að halda úti hlaðvarpi. „Ég hafði stýrt hlaðvarpinu Ekkert að fréttu á rúmt ár á þessum tíma,“ segir Stefán. „Við slógum þá bæði til og negldum niður formið á þáttunum. Þar sem Ský er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur einungis til þess að miðla þekkingu og auka áhuga á upplýsingatæknigeiranum, fannst okkur þetta frábært tækifæri til að bláða um tækni án þess að vera að auglýsa einhverjar vörur. Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ský, hefur verið mjög hvetjandi í gegnum allt ferlið.“

Fjölbreyttur bakgrunnur

Kristjana er tölvunarfræði- og verkfræðimenntuð. „Ég starfa sem framleiðandi í stafrænni umbreytingu hjá Reykjavíkurborg ásamt því að sitja í stjórn Ský, en Ský eru félagsamtökin sem standa fyrir UTmessunni. Þar sem ég starfa í hugbúnaðarþróun er virkilega heppilegt að geta nördast enn þá meira í alls konar hlutum tengdum tækni í hlaðvarpinu.“ Stefán segist oft lýsa Kristjönu sem drifkraftinum holdi klæddum. „Hún hefur setið í stjórnnum þúsund félaga og eins og stormurinn sem Hannes Hafstein skrifaði um þá neistann upp blæs hún og bálar upp loga og bryddir með glitskrúði úthöf og voga.“

Sjálfur er Stefán menntaður hugbúnaðarverkfræðingur og gagnarfræðingur og vinnur við rannsóknir hjá Háskólanum í Reykjavík í máltækni og gagnagreiningum. „Ég hef samt mest gaman af því að skapa, hvort sem það er að teikna, skrifa, forrita eða bláða í hljóð-



Stefán Gunnlaugur Jónsson og Kristjana Björk Barðdal sjá um UT hlaðvarpið Ský. Þar spjalla þau við fólk úr upplýsingatæknigeiranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

nema. Annað áhugamál er að fylgjast með tæknigeiranum og sjá framfarirnar sem eiga sér stað þar. En ef það ætti að lýsa okkur báðum í stuttu máli er kannski einfaldast að segja að við séum bæði forvitin og athyglissjúk.“

Velja skemmtileg verkefni

Aðspurð um helstu markmiðin með hlaðvarpinu segja þau að á mjög sjálfhverfan hátt hafi helstu markmiðin verið þau að hafa gaman og tala við áhugavert fólk um viðfangsefni sem þau eru sérfræðingar í. „Við búum við þá gríðarlegu forréttindastöðu að fá að velja þau verkefni sem við höfum gaman af og erum þakklát fyrir það á hverjum degi,“ segir Kristjana. „Okkur finnst báðum gaman að miðla upplýsingum og þekkingu og eigum það bæði til að tala og tala endalaust. Með þessu hlaðvarpi þá reynum við samt að hlusta og komast að því áhuga-verða sem viðmælandinn hefur að segja,“ bætir Stefán við.

Snerta á fjölbreyttum efnunum

Í þáttunum hafa þau lagt sig fram við að snerta á fjölbreyttum efnunum innan tæknigeirans en ræða um það á nótum sem flest fólk getur skilið. „Stundum viljum við fjalla

um spennandi fyrirtæki og fáum þá fólk frá þeim til að ræða við okkur. Oft reynum við að velja umræðuefni í tæknigeiranum, eins og tölvuöryggi, og fáum þá sérfræðinga tengdu því til að spjalla við okkur,“ segir Stefán.

„Við höfum líka fengið til okkar áhugavert fólk sem er að gera skemmtilega hluti í tæknigeiranum og fáum að heyra bakgrunn þeirra og sögu,“ bætir Kristjana við. „Nýlega héldum við þrjár spurningakeppnir milli þeirra fyrirtækja sem voru tilnefnd til UT-verðlaunanna 2022. Það voru mjög skemmtilegir þættir sem við kölluðum UT-svar og neyddum alla til að kalla okkur Sigmar og Þóru í tvær vikur. Undantekningarlaust er okkur mætt af mikilli gjafmildi viðmælanda sem eru tilbúin að forna tíma sínum til að tala við tvo vitleysinga um mikilvæg mál. Við erum viðmælendum mjög þakklát.“

Ýmsar fyrirmyndir

Aðspurð um helstu fyrirmyndir segja þau ógrynni áhugaverðra hlaðvarpa svifa um í kosmosinu, þá helst í Bandaríkjunum. „Þar má meðal annars nefna hlaðvarp Lex Friedman og hlaðvarpið Built for Change sem hefur oft verið kveikja að skemmtilegum umræðuefnum.“

Léttir og innihaldsríkir þættir

Viðtökurnar hafa verið mjög góðar að þeirra sögn. „Öll viðbrögð sem okkur hafa borist hafa verið mjög jákvæð,“ segir Stefán. „Það þarf engan að undra að hugmyndin um þessa þætti hljómi smá fráhrindandi fyrir fólk sem gefur sig ekki út fyrir að vera „tæknimanneskur“. Við leggjum okkur samt fram við að gera þættina aðgengilega fyrir alla hlustendur, óháð bakgrunni, að þeir séu léttir og innihaldsríkir.“

Kristjana segir vissulega rými fyrir fleiri hlustanir en það skrifast sennilega á það að fáir vita af tilvist þessara þátta. „En nú veist þú af þeim kærri lesandi, þú veist af þeim og þig langar að hlusta á þá.“ ■



Hægt er að hlusta á UT hlaðvarpið Ský inn á Spotify, Apple podcasts og öllum helstu hlaðvarpsveitum undir nafninu UT hlaðvarp Ský.



VALIT
RÁÐGJÖF

Við aðstoðum og ráðleggjum þínu fyrirtæki með allt sem viðkemur

- Upplýsingatækni • Netöryggi
- Skýjalausnum • Afritun

www.valit.is

Sparaðu tíma og peninga í skýinu

Yfir 200 viðskiptavinir Advania eru með bókhaldskerfi í skýinu og uppfærast mánaðarlega án þess að þurfa að hafa áhyggjur af niðritíma, bakreikningum eða áætlunum sem standast ekki.

„Nútíma viðskiptakerfi gerir stjórnendum kleift að taka gagnadrifnar ákvarðanir og einbeita sér að því að auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri. Viðskiptakerfi Advania keyrir í skýinu og styður við rekstur fyrirtækja með því að gefa heildarsýn yfir stöðuna,“ segir Sigríður Sía Þórðardóttir, forstöðumaður á viðskiptalausnasviði Advania.

Viðskiptakerfi Advania eru aðgengileg hvar og hvenær sem er, og á hvaða tæki sem viðskiptavinir kjósa að nota; tölvu, spjaldtölvu eða síma.

„Þegar Microsoft hóf vegferð sína í átt að skýinu með Dynamics-kerfinu tókum við hjá Advania strax ákvörðun um að einblína á skýjavæðingu okkar viðskiptakerfa. Til að geta raunverulega nýtt sér þær leiðir þarf fjöldann allan af lausnum sem eru sértækar fyrir íslenskan markað, svo sem tengingar við íslensku bankana, rafrænar tollaskýrslur, rafræn vsk-skil og fleira. Því var mikil vinna og fjárfesting að fara með allar þessar lausnir í skýið og gera tilbúna til að styðja stöðugar mánaðarlegar uppfærslur. Í nánu samstarfi við Microsoft tókst okkur að koma öllum lausnum, sem þarf til að reka fyrirtæki á Íslandi, í App-source. Það er markaðstorg Microsoft fyrir viðskiptalausnir. Þannig er þetta raunverulegur valkostur fyrir íslensk fyrirtæki,“ greinir Sigríður frá.

Power Platformið stærsti kosturinn

Högni Hallgrímsson er annar forstöðumaður á viðskiptalausnasviði Advania. Hann segir kosti skýjalausna marga.

„Í fyrstu gætu menn haldið að það sé ekki svo mikill munur á að vera í skýinu en þegar maður fer að skoða kostina hrannast þeir upp. Kerfið keyrir í skýinu hjá Microsoft sem þýðir að það er alltaf aðgengilegt, hvar og hvenær sem er, og uppitíminn er hátt í 100 prósent.“

Högni segir öryggið einnig vera mjög til umræðu.

„Kerfi Advania er hýst af Microsoft sem er stærsta tæknifyrirtæki í heimi. Vinnan og fjárfestingin sem þeir leggja í að uppfylla alla öryggisstaðla er gríðarleg, og þá sér Microsoft líka um að afritunartaka sé virk og tryggja með því rekstraröryggi viðskiptavina. Allt er þetta innifalið í leyfisgjöldunum og sífellt uppfært án þess að notandinn þurfi að hafa af því áhyggjur,“ upplýsir Högni.

Hann bætir við að ekki sé hægt að tala um Microsoft-skýið án þess að minnst á Power Platformið sem að hans mati er stærsti kosturinn við skýið í dag.

„Power Platform er í raun tól til að sjálfvirknivæða og app-væða ferla innan fyrirtækisins og spara þannig tíma við til dæmis endurtekniningar og innslátt. Það er aðgengilegt öllum og hægt að búa til snjallar lausnir án þess að hafa nokkurn tímann forritað. Þegar viðskiptakerfið er komið í skýið opnast möguleikinn á að nota Power Platformið á einfaldan og ódýran hátt.“

Engin hættu á bakreikningum
Hingað til hefur þótt bæði dýrt



Högni Hallgrímsson og Sigríður Sía Þórðardóttir eru forstöðumenn á viðskiptalausnasviði Advania og taka vel á móti fyrirtækjum sem velja viðskiptakerfi Advania í skýinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

og tímafrekt að skipta yfir í nýtt bókhaldskerfi en sú er ekki lengur raunin, að sögn Sigríðar Sía.

„Auðvitað þarf alltaf að velja tímann vel fyrir uppfærslu en ef fyrirtæki ætla að bíða í nokkur ár er raunveruleg hættu á að samkeppnisaðilar nýti sér nýjungar og hagræðingu skýjakerfanna á meðan,“ segir Sigríður.

„Það sem við hjá Advania höfum gert, samhliða skýjavæðingu okkar kerfa, er að taka í gegn alla aðferðafræði okkar við innleiðingar. Kerfin eru í dag mun betri en þau voru fyrir nokkrum árum og viðskiptavinir meðvitaðir um kosti þess að nota stöðluð kerfi og aðlaga sína ferla, frekar en að fara í sérsmiði eins og tíðkaðist áður fyrr. Til að mæta þessu býður Advania upp á innleiðingar og uppfærslu upp í skýið á föstu verði. Þá er kostnaðurinn ljós í upphafi og engin hættu á bakreikningum til viðskiptavina. Samhliða þessu reynum við að brjóta niður verkefnið og komast sem fyrst af stað í nýju kerfi. Með því náum við mun meiri fókus, bæði hjá okkur í Advania og viðskiptavinum okkar, og komumst fyrr í að nýta fjárfestinguna,“ útskýrir Sigríður.

Útbúið öpp án forritunarþekkingar

Skýjavettvangur Microsoft er staf-rænn leikvangur framtíðarinnar.

Skýið er orðið þroskað og maður finnur að flestir hafa áttað sig á að þar liggur framtíðin.

Sigríður Sía Þórðardóttir

„Þegar fyrirtæki eru komin með viðskiptakerfin sín í skýið eru þau komin með aðgang að öllu platforminu sem gefur endalausna möguleika í að tengja saman kerfi eins og Outlook, Teams og Power Platform, þar sem almennir notendur geta útbúið öpp fyrir sín verkefni án þess að þurfa til þess nokkra forritunarþekkingu,“ upplýsir Högni.

Microsoft-skýið sé ekki aðeins með tengimöguleika fyrir önnur Microsoft-kerfi heldur er þar gert ráð fyrir einföldum tengingum við önnur kerfi, eins og íslensku bankana, Símann Pay og aðrar lausnir frá Advania, svo sem H3-launakerfið og tímaskráningakerfið Bakvörð.

„Við höfum átt í frábæru samstarfi við Microsoft, ekki síst tæknifólkið sem hefur komið að okkar lausnum og í sumum

tilfellum gert breytingar á sínum kerfum svo þau styðji okkar viðskiptavini,“ segir Högni.

„Viðskiptavinir Advania njóta líka góðs af því hversu mikil þekking er til staðar innan fyrirtækisins, bæði hér heima, þar sem við getum þjónustað viðskiptavini með allar vörur Microsoft, og ekki síst sá þekkingarbrunnur sem við getum sótt í hjá systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og í Bretlandi þar sem býr reynsla sem erfitt væri að nálgast hér heima á litlum markaði. Við leggjum mikið upp úr því að sækja þekkingu þangað sem hún er, frekar en að finna upp hjólið aftur og aftur. Við teljum að það sé einn af lykilþáttunum í því að Advania hefur verið valið Partner of the Year hjá Microsoft til fjölda ára.“

Engin tækniskuld í skýinu

Sigríður Sía er spurð hver sé helsta hagræðingin við að fara með viðskiptakerfið í skýið.

„Sú helsta er að mánaðarlegur kostnaður verður lægri og fyrirsjáanlegri, og engin stór uppfærsluverkefni aftur. Reikningar fyrir hýsingu og rekstur kerfisins hverfa því allt er þetta innifalið í áskriftargjöldum sem greiðast reglulega í samræmi við notkun. Því hafa fyrirtæki alltaf sveigjanleika til að bæta við eða fækka notendum sem greitt er fyrir. Þetta eru stórir

póstar eins og allir þekkja sem farið hafa í gegnum uppfærsluverkefni, en að minnu mati er aðalhagræðingin falin í stöðugum uppfærslum og möguleikum platformsins,“ svarar Sigríður.

Í skýinu þekkest ekki tækniskuld og þegar nýjungar koma fram er hægt að byrja að nýta þær strax og ekki þörf á kostnaðarsömum breytingum til að tengja útgáfu fyrirtækisins af kerfinu.

„Gott dæmi er þegar Tollurinn kynnti nýja tegund af tollskýrslum á þessu ári. Þá þurfti að fara í mikla vinnu í eldri kerfum og með tilheyrandi kostnaði á meðan skýjaviðskiptavinir okkar fundu ekki fyrir því og fengu breytinguna strax í reglubundinni uppfærslu,“ greinir Sigríður frá.

Hún segir framtíðina spennandi, bæði fyrir Advania sem þjónustuaðila og viðskiptavini sem fara í vegferð skýjalausna með Advania.

„Skýið er orðið þroskað og maður finnur að flestir hafa áttað sig á að þar liggur framtíðin. Í dag snýst samtalið ekki lengur um hvort fyrirtæki eigi að fara í skýjalausn, enda fáir sem finna rökrétt svör við spurningunni „Af hverju ætti ég EKKI að vera í skýinu?“ segir Sigríður. ■

Advania er í Guðrúnartúni 10. Sími 440 9000. Sjá nánar á advania.is

Spennandi nýjungar hjá dk hugbúnaði

dk hugbúnaður þróar og selur viðskiptakerfi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á sérlausnir fyrir verslanir og þjónustu. Helstu nýjungar í haust eru uppfærsla á dk One smáforritinu, innri vefur fyrir viðskiptavinum og vinnustofur fyrir lengra komna.

dk One smáforritið hefur verið vinsæl lausn hjá viðskiptavinum dk að sögn Hafsteins Róbertssonar, markaðs- og sölufulltrúa hjá dk hugbúnaði. dk One smáforritið er ætlað fyrir þá notendur sem eru mikið á ferðinni og vilja geta nýtt nýjustu tækni. dk One er bæði veflausn og smáforrit en smáforritin eru fáanleg í App Store fyrir Apple tæki og Google Play fyrir Android tæki.

„Með dk One smáforritinu er hægt að nýta nýjustu tækni til að einfalda vinnu við bókhald, sölu, samþykktir reikninga, kostnaðarskráningu, verkþókhaldsskráningu og skýrslugerð,“ útskýrir Hafsteinn.

Uppfærsla og nýjungar

„Í ágúst síðastliðnum kom uppfærsla á dk One frá dk. Þá komu inn tvær nýjungar sem tengjast lánardrottnakerfinu. Önnur þeirra er dk One samþykktir, sem er einföld leið til að samþykkja reikninga og hin er dk One kostnaður sem er einföld leið til kostnaðarskráningar.“

Samþykktarkerfi í appi

Hafsteinn útskýrir að með dk One samþykktum sé hægt að samþykkja reikninga sem hafa verið settir inn í samþykktarkerfi dk viðskiptahugbúnaðar.

„Með notkun á dk One samþykktarkerfinu sparast mikill tími við skráningu og ut anumhald reikninga,“ segir hann.

Kostnaðarskráning í appi

Með dk One kostnaði er hægt að taka myndir af fylgiskjöllum og senda beint í bókhaldið. Einnig er hægt að hlaða inn öðrum skjölum og skrá inn sem reikning.

„Kerfið er einföld og fljótleg leið fyrir kostnaðarskráningu í bókhaldskerfi. Skjölín færast beint inn í dk bókhaldskerfið sem færir allt á rétta lyklu. Þannig sparast mikill tími við bókun á reikningum. Reikningur kemur strax í bókhaldið og hægt að skila inn frumriti reiknings eftir þörfum. Við viljum hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og einn liður í því eru pappírslaus viðskipti,“ segir Hafsteinn.

Hann segir að einnig hafi nokkrar kerfiseiningar verið uppfærðar og lagfærðar. Þær eru: dk One Sala – sölupantanir og sölureikningar, dk One Verk – verkskráning og dk One Mælaborð – aðgangur að stjórnendaupplýsingum.

Mínar síður hjá dk

dk hefur einnig sett í loftið mínar síður fyrir viðskiptavinum.


„Mínar síður eru innri vefur viðskiptavina dk, sem gerir þeim kleift að skoða og nálgast gögn sem þeim tengjast. Það felst mikið hagræði í því fyrir viðskiptavinum að geta sjálfir nálgast gögnin sín þegar þeim hentar,“ segir Hafsteinn.

„Þetta er fyrsta skrefið í því að opna skrifstofuna okkar 24/7 viðskiptavinum okkar að kostnaðarlausu. Við erum að þróa Mínar síður og horfum þar sérstaklega til bættrar þjónustu á netinu, þægilegrar notkunar í farsímum og að Mínar síður sé notendavæn lausn sem einfaldar aðgengi viðskiptavina að mikilvægum gögnum.“



Margrét Sveinbjörnsdóttir viðskiptaþróunarstjóri og Hafsteinn Róbertsson markaðs- og sölufulltrúi hjá dk hugbúnaði eru stolt af að kynna spennandi nýjungar sem komu út hjá fyrirtækinu í haust. Þeirra á meðal eru uppfærslur á dk One appinu sem spara viðskiptavinum sporin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Með dk One samþykktum er hægt að samþykkja reikninga á ferðinni.

MYND/ADSEND

Hafsteinn bætir við að dk bjóði einnig upp á mínar síður fyrir viðskiptavinum viðskiptavina dk.

„Þetta þýðir að fyrirtæki getur keypt aðgengi að Mínunum síðum fyrir sína viðskiptavinum. Þannig geta fyrirtækin boðið sínum viðskiptavinum aðgengi að Mínunum síðum. Viðskiptavinir fyrirtækis geta þá fengið aðgengi að reikningum, hreyfingum og skjölum þeim tengdum. Einnig geta fyrirtæki sérsníðið útlit kerfis eins og lógó, litapema og tungumál. Við viljum benda áhugasömum á að vera í sambandi við dk til að fá nánari kynningu á þessu.“

Nýjung í kennslu

dk býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir nýja notendur í kerfinu og auk námskeiða fyrir þá sem hafa notað kerfið lengi. Námskeiðin eru kennd bæði rafrænt og í staðnámi. Fjölbreytt úrval námsfemis og myndbanda er fáanlegt á kennsluvef dk. Einnig býður dk upp á þá nýjung að halda vinnustofur fyrir lengra komna notendur kerfisins.

„Til viðbótar við öflugt námskeiðsframboð hjá dk, munum við bjóða mánadarlega upp á svokallaðar vinnustofur. Við hjá dk höfum lengi boðið upp á námskeið í grunn- einingum dk svo sem Fjárhags-, launa-, og sölu- og birgðakerfinu sem dæmi. Þau námskeið hafa verið og verða áfram bæði í staðnámi og aðgengileg á námskeiðsvefnum okkar,“ segir Hafsteinn.

Vinnustofur

„En vinnustofurnar eru ekki



Mínar síður eru nýjung sem dk hugbúnaður býður viðskiptavinum upp á.

almenn kennsla á dk, heldur eru þær ætlaðar bókurum og þeim notendum kerfisins sem eru lengra komnir. Efnid sem farið er yfir er afmarkað og ætlast er til að þátttakendur hafi uppsettar þær einingar sem farið er yfir. Vinnustofan er einstaklingsmiðuð og er unnið með raungögn. Það er að segja þátttakendur koma með sínar eigin tölur og vinna í sínum gögnum.“

Hafsteinn segir sérfræðinga viðskiptalausna dk muni sjá um kennsluna. Ólöf Harpa Halldórsdóttir er kennslustjóri fyrir Vinnustofurnar þar sem áhersla verður lögð á nýjungar og praktíska nálgun á því hvernig best er að vinna með dk. ■

Nánari upplýsingar á dk.is

Hvað er að gerast um helgina?

23. sept Föstudagur

Gamanmyndahátíð Flateyrar Samkomuhúsið Flateyri kl. 13.00
Gamanmyndahátíð Flateyrar vaknar til lífsins á ný eftir heimsfaraldur. Hátíðin stendur dagana 22.–25. september. Í boði eru gamanmyndir, uppstand, tónlistaratriði, matur og drykkur. Á dagskrá eru Vestfirskar opnunarmyndir, karaóki, París norðursins-partí og heiðursýning á Dalalífi, ásamt fleiru bráðfyndnu.

Söngvar um lífið – Textar Þorsteins Eggertssonar Salurinn Kópavogi kl. 20.00
Á tónleikumum verða öll vinsælu lög spilð sem innihalda frægustu texta Þorsteins. Þorsteinn sjálfur segir sögurnar á bak við textana og rifjar upp eftirminnilega tíma úr íslenskrum tónlistarsögu. Heiða Ólafs og Matti Matt sjá um sönginn.

Aldrei fór ég norður Verkstæðið á Akureyri, Strandgötu 53 kl. 20.00
Sjö grínistar stíga á stökk á Verkstæðinu á Akureyri. Það eru Arnór Daði, Ársæll Hrafn, Baldvin Ómar, Bimma Magg, Davíð í Dali, Friðrik Valur og Lovisa Lára. Sýningin er 120 mínútur í heild.

Bara smástund – frumsýning Stóri salur Borgarleikhússins kl. 20.00
Sprenglæglegur gamanleikur eftir eitt þekktasta leikskáld Frakka, sem sópað hefur til sín verðlaunum að undanförunum fyrir handrit sitt að kvikmyndinni Föðurnum sem hann leikstýrði einnig. Þýðandi: Sverrir Norland. Leikstjórn: Álfrún Örnólfsdóttir.



24. sept Laugardagur

Íþróttavika Evrópu Laugardalsvöllur kl. 17.00
Beactive Night er haldið í tilefni Íþróttaviku Evrópu. Viðburðurinn er haldinn undir KSÍ-stúkunnunni á Laugardalsvelli. Íþróttavikan er haldin árlega dagana 23.–30. september og ætluð öllum Evrópubúum. Íþróttasamband Íslands býður alla velkomna. Dagskráin hefst með sýningu BMX brós og þrautabraut sem opin er öllum. Þá er opinn samkvæmsdans-tími, opinn tími í sveifludönsnum og að lokum opið salsakvöld.



Hellirinn Metalfest Tónlistarþróunarmiðstöðin Granda kl. 18.30
Eistnaflug stendur fyrir metalhátíð í samstarfi við Doomember. Hátíðin fer fram í Tónlistarþróunarmiðstöðinni á Granda og þar koma fram fimm hljómsveitir sem allar spila sína tegund af öfgarokki. Það eru Auðn, Power Paladin, Morpolith, Holdris og Merkúr. Fritt inn og allir velkomnir.


Í skóm drekans – afmælisýning Bió Paradís í sal 2 kl. 19.00
Árið 2000 fær Hrönn Sveinsdóttir kvikmyndagerðarkona þá flugu í kollinn að gera heimildarmynd um fegurðarsamkeppni. Framleiðslan og myndin vakti athygli almennings og ekki síst keppnishaldara sem vildu setja lögban á myndina.

Stjórnin í Bæjarbíó Bæjarbíó Hafnarfirði kl. 20.00
Sigga og Grétar í Stjórninni fara yfir ferilinn á Stjórnarballi í Bæjarbíó. Stjórnina skipa: Sigríður Beinteins, Grétar Örvarsson, Eiður Arnarsson, Kristján Grétarsson og Sigfús Óttarsson.

25. sept Sunnudagur


Ungsveitin leikur Rakhmanínov Eldborgarsalur Hörpu kl. 17.00
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands leikur 2. sínfóníu Sergejs Rakhmanínov en verkið hefur verið fastagestur á efnisskrám hljómsveita um allan heim frá því það hljómaði fyrst árið 1908. Á tónsprotanum heldur Kornilios Michailidis og stjórnar hann nú Ungsveitinni í fyrsta sinn.

Straight Line Crazy – Breska þjóðleikhúsið Bió Paradís, salur 2 kl. 19.00
Ralph Fiennes leikur hér stjórnuleik í aðalhlutverki í leikverki eftir David Hare um valdamikinn mann í New York sem breytti arfleifð borgarinnar svo um munaði með slægd og sannfæringarkrafti. Uppfærsla sem slegið hefur í gegn hjá Breska þjóðleikhúsinu.



Páll Óskar og Monika Kaffi Flóra í Laugardal kl. 20.00
Páll Óskar og Monika hafa haldið þessa árvisu tónleika í Café Flóru, Grasagarðinum í Laugardal, síðan 2001. Á efnisskránni eru ýmis lög sem Páll og Monika hafa spilað mikið undanfarna tvo áratugi, auk þekktustu popplaga Palla í sérstökum útsetningum fyrir hörpu. Aðeins 130 miðar eru í boði.

■ Skritin staðreynd vikunnar



Vissir þú að krókódílar geta ekki ullað?

TVÆR VERSLANIR

NEXUS GLÆSIBÆR & KRINGLAN

NEXUS.IS VEFVERSLUN MEÐ YFIR 10.000 VÖRUR

NÝTT! POKÉMON 700 kr.

LÆKKAD VERÐ Á NÝJUSTU PÖKKUNUM


JÓLADAGATAL

NÝTT! 9.999 kr.

5.799 kr.

NEXUS

Kringlan 4-12, 103 Rvk. - s. 552 9012
Glæsibær Álþheimar 74, 104 Rvk. - s. 552 9011



FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

BRJÁLÆDISLEGA GÓÐUR

BRUNCH

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA
11.30-14.30

Sex geggjaðar tegundir af Eggs Benedict, brunch-turn, avokadó toast og allskonar góttir

fjallkonan.rvk fjallkonan Hafnarstræti 1-3 Símí 555 0950



Nánar á fjallkona.is

Galdur að skapa fallegan og bragðgóðan rétt



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Sigurður Laufdal kokkur á að baki glæsilegan feril úr hinni margrómuðu matreiðslukeppni Bocuse d'Or en hann var keppandi fyrir Íslands hönd á árunum 2019 til 2021 með glæsilegum árangri.

Sigurður hefur jafnframt starfað á Michelin-stöðum sem nú skarta meðal annars þremur og tveimur Michelin-stjörnum og þar er fagmennskan og vinnan bak við hvern rétt engu lík. Hann er reynslumikill landsliðskokkur sem lætur ástríðuna ráða för í matreiðslunni og leggur metnað í að matarupplifunin verði einstök fyrir hvern og einn.

Þegar Sigurður er spurður út í hvað hafi í raun kveikt áhuga hans á matargerð, og orðið til þess að hann gerðist kokkur, er hann fljótur að grínast með það, enda mikill húmoristi og gleðigjafi.

„Það var þegar ég sá Jamie Oliver á skjánum. Nei, grín. Áhugi á matargerð kom ekki fyrr en ég þurfti að átta mig á hvað mig langaði að gera eftir grunnskólann. Ég er með sterka skapandi hugsun og listrænt sjónarmið og sá að ég gæti fengið útrás fyrir þessa eiginleika í matreiðslunni. Það er aðalástæðan fyrir ástríðu minni á matargerð. Það er svo mikill galdur í því að skapa fallegan og bragðgóðan rétt þar sem unnið er með öll skynfærin. Svo er bónus að sjá viðbrögð gesta þegar þeir upplifa að þeir séu að borða eitthvað einstakt. Í matreiðslu getur maður skapað sinn stíl og komið alls konar sköpun á framfæri.“

Þótt áhugi á matargerð hafi ekki alltaf blundað í Sigurði kom áhuginn samt sem áður snemma.

„Þegar ég var fjórtán ára fékk ég sumarstarf sem uppvaskari á Naustinu. Sumarið á eftir fór ég svo að vinna sem aðstoðarmaður í eldhúsi og þaðan var ekki aftur snúið. Matreiðslan einhvern veginn náði mér og ég hef verið á þeirri braut síðan.“

Sigurður segir námsárin í kokkánáminu hafa verið mjög góð.

„Það sem er kannski gott við matreiðslunámið er að manni er hent ansi snemma út í djúpu laugina og fer til að mynda strax út á vinnumarkaðinn. Þannig er maður ansi fljótur að sjá hvort fagið henti manni eða ekki.“

Bæði á meðan náminu stóð og eftir námið eru staðirnir sem Sigurður vann á orðnir þó nokkrir.

„Ég hef unnið á hinum ýmsu stöðum eins og til dæmis Vox, Ion hótél, Tveimur fiskum, Orange,



Sigurður er með sterka skapandi hugsun og listrænt sjónarmið og sá að hann gæti fengið útrás fyrir þessa eiginleika í matreiðslunni sem er í raun aðalástæðan fyrir ástríðu hans fyrir matargerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Grillinu á Hótel Sögu, Geranium í Danmörku, Olo í Finnlandi, Alchemist í Danmörku, Oaxen í Svíþjóð og nú síðast á Héðni Kitchen & Bar.“

Réttur innblásinn af fallegu tré Aðspurður segir Sigurður margt standa upp úr á þessum árum og að sumt sé eftirminnilegra en annað.

„Allt er lærdómsríkt á sinn hátt, en ætli Geranium standi ekki upp úr þar sem ég hafði fylgst með þeim stað í fleiri ár áður en ég fór sjálfur að vinna þar. Mig hafði lengi dreymt um að fá tækifæri til að vinna á Geranium og svo rættist það einn daginn. Geranium er fyrsti staðurinn á Norðurlöndunum til að fá þrjár Michelin-stjörnur og var nú í ágúst valinn besti veitingastaður í heimi af World's 50 Best. Við vorum 45 starfsmenn í heildina en með aðeins 20 gesti í hádeginu og 30 gesti á kvöldin, fjóra daga vikunnar. Það setur þetta allt í stærra samhengi fyrir þá sem gera sér ekki grein fyrir hvað það er mikil fyrirhöfn í hverjum rétti,“ segir Sigurður.

Hann nefnir rétt sem er innblásinn af fallegu tré í Parken. „Rétturinn er svo borinn fram í samræmi við þá árstíð sem er í gangi. Á sumrin er rétturinn því með meiri ávaxtakeim en bitter á veturna,“ segir Sigurður dreyminn á svip.

„Annad sem situr í minningunni er þegar ég var með í að opna veitingastaðinn Alchemist en hann er sá staður sem hefur vakið hvað mesta athygli í Evrópu síðustu ár. Alchemist hafði skapað sér nafn sem sextán manna staður með mikla matarupplifun og þar sem kokkarnir kveiktu á umhverfisvitund gestanna. Til dæmis er þar Bloody Mary-drykkur sem heitir Blood Diamond og borinn fram í glasi með demants-klökum og blóðug saga blóðdemantsins sögu. Alchemist varð fljótt það vinsæll að ákveðið var að stækka staðinn og fara enn lengra með upplifunina. Nýi matsalurinn er inni í stórrí hvelvingu sem er í raun tölvuskjúr og þegar þeir vilja velja athygli á til að mynda plastmagni í sjónunni gegnum þöskrétt er hann borinn fram með ætu plasti og hvelvingin segir myndræna sögu til að ýta enn betur undir boðskapinn, en án þess að skemma matarupp-

Geranium er fyrsti staðurinn á Norðurlöndunum til að fá þrjár Michelin-stjörnur og var nú í ágúst valinn besti veitingastaður í heimi af World's 50 Best.

Sigurður Laufdal

lifunina,“ útskýrir Sigurður.

Inn í verkefnið kom fjárfestirinn Lars Seier, einn af eigendum Saxo Bank, Geranium og fótbolta-klúbbsins FC. Kaupmannahöfn.

„Fjárfesting endaði í 2,1 milljarði og fór langt fram úr áætlun, þannig að mikið var í húfi að vel tækist til. Alchemist stóðst væntingar og hefur verið fullbókadur frá fyrsta degi ásamt því að hafa fengið tvær Michelin-stjörnur á sínu fyrsta ári, sem er mjög sjaldgæft.“

Matreiðslumaður ársins 2011

Sigurður hefur átt ævintýrlega upplifun sem kokkur, sérstaklega þegar hann hefur æft og keppt í matreiðslukeppnum á borð við Bocuse d'Or.

„Ég hef verið það heppinn að hafa fengið að ferðast mikið út af vinnu og farið sem gestakokkur hingað og þangað. Ég hef kynnst mikið af fólki og annarri menningu. Matreiðslukeppnirnar hafa verið lærdómsríkar, en ætli titillinn Matreiðslumaður ársins 2011 standi ekki samt alltaf upp úr. Ég var ungur þegar ég hlaut þann titil og fyrir mér var það mikill stökkpallur og ýtti enn frekar undir áhuga minn. Síðan hef ég fengið tækifæri til að keppa fyrir Íslands hönd í Bocuse d'Or tvisvar, en sú matreiðslukeppni er á öðrum skala og haldin í Lyon, Frakklandi á tveggja ára fresti. Æfingar fóru fram í Fastus, Síðumúla. Við

vorum fimm manna teymi sem æfðum mánudag til föstudags í eitt ár. Það var eina vinnan mín á árunum 2019 til 2021. Sú keppni hefur komið Íslandi lengra á kortið í matarheiminum. En dæmið myndi aldrei ganga upp nema með íslenskum velunnurum,“ segir Sigurður.

Hann bætir við að keppnis-kokkar tileinki sér sjálfstæða og skapandi hugsun, aga, tengsl, hæfni og tækni til að skara fram úr. Þá lyfti þeir upp og tali fyrir íslenskri matargerð.

„Við stundum stanslausar æfingar enda skapar æfingin meistaran.“

Byggja upp góðan veitingastað

Í dag starfar Sigurður á Héðni Kitchen & Bar og nýtur sín í því starfi. Hann segist hafa ákveðið frelsi til að blómstra áfram sem kokkur og velja hræfni sem er í forgrunni í samráði við sitt teymi.

„Við erum stórt teymi á Héðni og reynum eftir bestu getu að láta starfsfólkið hafa áhrif á það sem við gerum, og stöndum fyrir því að sem flestir hafi ánægju af starfi sínu og þroskist. Okkur er annt um að byggja upp fagmenn til framtíðar og leyfa starfsmönnum veitingastaðarins að skína, því eftir allt saman erum við sem byggjum upp góðan veitingastað. Hins vegar er það ábyrgð okkar Sindra yfirkokks að leiðbeina og láta dæmið ganga upp dagsdaglega.“

Sterk tengsl á milli veitingastaða

Sigurður er á því að kokklandsliðið fái að njóta sín í dag og því sé gert hátt undir höfði.

„Ég held að bæði kokklandsliðið og Bocuse-akademían hafi vakið mikla athygli upp á síðkastið. Það er fyrirrennurum okkar að þakka og eins hefur forsetafrúin stutt mikið við bæði kokklandsliðið og Bocuse-akademíuna. Síðan má ekki gleyma því að starf kokklandsliðsins og akademiunnar hefur skapað mikil tengsl á milli veitingastaða hér heima og vakið vitundarvakningu hjá íslenskum matreiðslumönnum. Það er gaman að sjá hvað íslensk matarmenning hefur fengið enn meiri umfjöllun utan frá eftir að bæði Dill og Óx fengu Michelin-stjörnu. Framtíðin er björt og spennandi á Íslandi þegar kemur að matreiðslugeiranum.“ ■

Léttari liðir með töframætti Túrmeriks

Öflugar blöndur með fjallagrösom. Sterka blanda inniheldur svartan pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks.

Þjáist þú af liðverkjum & bólgum?



Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum



„ENOX Pumpmaster er tilvalin fyrir til dæmis hjólageymsluna, hjólhýsið, bústaðinn og til að hafa með í bílnum á ferðalögum um landið,“ segir Arnar Már Þorsteinsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjölnota snjallpumpun sem slegið hefur í gegn

ENOX Pumpmaster snjallpumpun er tilvalin fyrir öll heimili landsins en hana má nýta fyrir bílinn, hjólið, bátinn og margt fleira. Tækið er mjög einfalt í notkun og íslenskur leiðarvísir fylgir með.

Snjallpumpun ENOX Pumpmaster hefur heldur betur slegið í gegn hér á landi en hún á heima á öllum heimilum enda afar nett og meðfærileg segir Arnar Már Þorsteinsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni, en fyrirtækið er með einkaumboð fyrir ENOX Pumpmaster á Íslandi.

„ENOX Pumpmaster er tilvalin fyrir til dæmis hjólageymsluna, hjólhýsið, bústaðinn og til að hafa með í bílnum á ferðalögum um landið,“ segir Arnar. „Snjallpumpun virkar einnig fyrir mótörhjól, hlaupahjól, gúmmibáta, vind-sængur, bolta og meira að segja blöðrur,“ bætir hann við. „Enox Pumpmaster er líka hleðslubanki með 5.000 mAh stærð af rafhlöðu til að hlaða síma, spjaldtölvur og ýmislegt fleira ásamt því að virka líka sem vasaljós og viðvörðunarljós. Tækið er afar einfalt í notkun en fólk stillir einfaldlega þann þrýsting sem óskað er eftir og tækið sér um afganginn. Með pumpunni fylgir líka íslenskur leiðarvísir.“

Traust þýskt gæðamerki

ENOX er þýskt gæðamerki að sögn Arnars og byggir á traustum grunni. „Fyrirtækið hefur lengi verið viðlöðandi raftækjamaðinn eða frá árinu 1967. En frá árinu 2005 hóf ENOX að framleiða undir eigin nafni og hefur fylgt þýskum gæðastöðlum í samstarfi við framleiðendur sína í Asíu.“

ENOX Pumpmaster snjall-



ENOX Pumpmaster snjallpumpuna er hægt að nota á ótal vegu.

MYND/ADSEND



ENOX er þýskt gæðamerki sem hefur lengi verið á raftækjamaðni.

MYND/ADSEND

” Tækið er afar einfalt í notkun en fólk stillir einfaldlega þann þrýsting sem óskað er eftir og tækið sér um afganginn.

Arnar Már Þorsteinsson

pumpun hefur fengið afar góðar og jákvæðar viðtökur hjá viðskiptavinum Húsasmiðjunnar enda mjög sniðugt tæki á góðu verði að sögn Arnars. „Ísland er meðal fyrstu landa til að fá þessa vöru í sölu. Í kjölfarið munu svo Svíþjóð og önnur Norðurlönd fylgja fast á eftir. Ég á ekki von á öðru en pumpun muni slá í gegn þar eins og hún hefur gert hér á landi.“

Enox hefur verið í samstarfi við verkstæðið Otex, sem er staðsett í Hátúni í Reykjavík, upp á viðgerðarþjónustu en þar er einnig hægt að nálgast alla auka- og varahluti.

ENOX Pumpmaster fæst hjá Húsasmiðjunni sem rekur fjölda verslana um land allt. ■

Nánari upplýsingar á husa.is.

Tilkynningar



Umhverfismat framkvæmda Ákvörðun um matsskyldu

Jarðstrengur frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1, Norðurþingi og Þingeyjarsveit

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 21. október 2022.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 14.09.2022 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Nýtt deiliskipulag fyrir Hamranes, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur.

Hamraneshverfi var úthlutað sem þróunarreitir og hver reitur var skipulagður fyrir sig af lóðarhöfum. Þetta deiliskipulag gerir grein fyrir götum, stígum, stofnanalóðum og veitulóðum í hverfinu.

Breyting á deiliskipulag Hamranesnámu vegna lóðar fyrir farsímaloftnet.

Breytingin gerir ráð fyrir lóð undir farsímaloftneti á Hamranesi. Gert er ráð fyrir að mastur verði 12 m hátt, á lóð sem er 8 x 8 m að stærð. Aðkoma að lóðinni er eftir stíg sem tengist núverandi línuvegi sem liggur upp Hamranesið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2, frá 23.09. Einnig er hægt að kynna sér tillögurnar á hfj.is/skipulag.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 4.11.2022 á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða stílaðar á:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssviði
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Bílar & Farartæki



Óekinn 2022 Ford Transit 350 L3H2 Limited tyfa. Áfflegur. Metallic lakk. 185 hestöfl. Sjálfskipting. Skjár með bakmyndavél og Leiðsögubúnað ofl. Þar sem það er talsvert síðan við tryggðum okkur þennan og sendibílar hækka um 200 þús kr í verði á mánuði í Evrópu Þá er þessi nú bara ódyr í dag þó þetta sé flottasta tyfa. Verð: 6.350.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu



Honda HRV 2004, 4wd, í flottu ástandi, sjálfsk., ný dekk, ekinn 119þús Verð 600.000 kr S. 865-6889

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kauþum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar



Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Pakskipti

runarmur@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið

—Mest lesna atvinnublað Íslands—



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

vinnvinn

H&H

HEIMILI & HUGMYNDIR

T Í M A L A U S F E G U R Ð



ÁRMÚLI 26, 108 REYKJAVÍK, 108 REYKJAVÍK, S: 5784400
HEIMILIOGHUGMYNDIR@GMAIL.COM, HEIMILIOGHUGMYNDIR.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíospjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Árborg - Skagafjörður.
- 14.30 Manstu gamla daga? Trúbaðurar.
- 15.15 92 á stöðinni
- 15.40 Líkamstjáning - Ágreiningur
- 16.20 Nærumst og njótum
- 16.50 Stíklur Nær þér en þú heldur - seinni hluti.
- 17.35 Tónstofan Ingvi Þór Kormásson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ósagða sagan
- 18.30 Matargat Hollar nammikúlar.
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins Ragga Gísla og Dísu Jakobs - Shot.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál. Helstu fréttir dagsins eru krufðar og ljósi varpað á litríkt mannlíf um land allt.
- 20.00 Kappsmál Keppendur þáttarins eru Eygló Höskuldsdóttir, Eypór Ingi Gunnlaugsson, Katla Njáls- og Þórudóttir og Laufey Haraldsdóttir.
- 21.05 Vikan með Gísla Marteini Gíslu Marteini tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall.
- 22.00 Shakespeare and Hathaway Shakespeare and Hathaway
- 22.45 Hungurleikarnir. Hermiskaði, seinni hluti The Hunger Games. Mockingjay - Part II
- 00.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 Best Home Cook
- 15.30 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 The Bachelorette
- 21.40 What Happened to Monday Vísindaskáldsaga sem gerist þegar yfirvöld hafa lagt blátt bann við því að fólk eignist fleiri en eitt barn og hafa öll yngri systkini verið svæfð.
- 23.45 The Upside Eftir að smáglæpamanninum Dell Scott er sleppt úr fangelsi á skil-orði þarf hann að leita sér að vinnu til að eiga ekki á hættu að vera settur inn aftur. Sú viðleitni landar honum starfi hjá auðkyfingnum Philip Lacasse sem þarf á umönnun að halda þar sem hann er lamaður.
- 01.45 Love Island (US)
- 02.35 mother!
- 04.35 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Grand Designs. Sweden
- 10.05 Girls5eva
- 10.35 Hindurvítini
- 11.00 10 Years Younger in 10 Days
- 11.45 Þetta reddast
- 12.05 30 Rock
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 Ég og 70 mínútur
- 13.20 All Rise
- 14.05 The Bold Type
- 14.45 The Dog house
- 15.30 30 Rock
- 15.55 Real Time With Bill Maher
- 16.50 Schitt's Creek
- 17.10 Schitt's Creek
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 America's Got Talent. Extreme
- 20.25 Sleepers Spennumynd frá 1996 með einvalaliði leikara.
- 22.50 Greenland
- 00.45 Miss Peregrine's Home for Peculiar Children
- 02.45 The Mentalist
- 03.30 30 Rock
- 03.50 Schitt's Creek
- 04.10 Schitt's Creek

Ólafur Kristjánsson, landsleikurinn og NFL

Íþróttavikan með Benna Bó fer í loftið klukkan 21 í kvöld á Hringbraut en Ólafur Kristjánsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá Breiðabliki, kryfur landsleik Íslands og Venesúela auk þess að kíkja yfir íþróttafréttir vikunnar og spá í spilin fyrir Bestu deildina. Hörður Snævar Jónsson, íþróttastjóri Torgs, verður einnig á sínum stað. Í lokin verður NFL-innslag frá 10 jörðunum.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hégómi
- 5 hrafnspark
- 6 í röð
- 8 gróp
- 10 til
- 11 kvk nafn
- 12 nabbi
- 13 gerð
- 15 ásýnd
- 17 gala

LÓÐRÉTT

- 1 ídæling
- 2 kært
- 3 amboð
- 4 ikveikjan
- 7 aðeins
- 9 rás
- 12 gælunafn
- 14 viðbót
- 16 rómversk tala

LÁRÉTT: 1 snobbi, 5 þar, 6 áb, 8 ríffla, 10 að, 11 eir, 12 arða, 13 tagli, 15 augli, 17 kalla. LÓÐRÉTT: 1 sprauta, 2 náð, 3 orf, 4 þálið, 7 barasta, 9 ferli, 12 agga, 14 auk, 16 ill.

Sudoku

4			3	9	2			
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4					7
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

	8	4		1				
							7	8
		1				3		
6		8	5				9	
9			2	7			4	
	5		9					
		6				7		2
				3			6	
				2	9		1	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Vill leiðrétta miskilning fjölmiðla

Björk Guðmundsdóttir segir frá sinni hlið á umræðu fjölmiðla um meintar deilur hennar við Katrínu Jakobsdóttur, sem hún vildi ekki að þróuðust út í leðjuslag, lífinu undir frægðarsólinni, #MeToo, samstarfinu við börnin sín Ísadóru og Síndra og nýju plötuna þar sem er að finna tvö lög um móður hennar sem féll frá fyrir fjórum árum.



Níráður virtúós með tagl og nikku

Reynir Jónasson harmonikkuleikari og organisti fagnar níráðisafmæli á sunnudag. Reynir er ekki dægert gamalmenni og þakkar daglegum sundferðum og tíu daga viðkomu á Vogu fyrir margt löngu góða heilsu sína.



Þurfti að hugsa sig vel um

Ragnhildur Gísladóttir neitar að staðna, hvort sem það er í listsköpun eða í lífinu. Hún er í sífelldri endurnýjun, lærði tennis fyrir um tveimur árum og segist efnileg í golfi. Eftir viku stendur hún á sviði Eldborgar, ein með hljóm sveit í fyrsta sinn þó ótrúlegt kunni að hljóma.



ÍPRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 19.00 OG AFTUR KL. 21.00


Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótnum.



HRINGBRAUT

Opið alla daga í Kaupþúni

10-20



259

kr./stk.



Patak's sósur
450 g - 3 teg.

339

kr./stk.



Tilda basmati hrísgrjón
8x 62,5 g = 500 g

298

kr./pk.



Stonefire hvítlauks mini naan brauð
4 stk. í pk.

1.298

kr./pk.

Allt í indverskan
pottrétt

BÓNUS



Rose frosin úrb. kjúklingalæri eða
frosnar kjúklingalundir
700 g

Verð gildir til og með 25. september eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Algerlega ómissandi í frystinn

698

kr./pk.



Ferskt blandað hakk
70/30 grís/naut
500 g

998

kr./kg



Ferskt grísahakk

449

kr./pk.



Frosin bláber
500 g

449

kr./pk.



Frosin jarðarber
1 kg

698

kr./pk.



Coca-Cola án sykurs
6x 500 ml kippa

795

kr./pk.



Pepsi og Pepsi Max
4x 2 ltr kippa

598

kr./pk.



Minute Maid tropical
4x 1 ltr

359

kr./pk.



Bónus kanilsnúðar
300 g

Verð áður
398 kr.

149

kr./pk.



Bónus flatkökur
5 stk. í pk.

698

kr./pk.



Sensodyne tannkrem
2 stk. í pk.

30% betra
verð en
á einni túpu

Trefjaríkt
heilhveiti-
brauð



298

kr./pk.

Bónus kornbrauð
1 kg

Verð áður
359 kr.

Brjóstholið er glerbúr

BÆKUR

Plómur

Höfundur: Sunna Dís Másdóttir
Fjöldi síðna: 45
Utgefandi: Mál og menning

Kristján Jóhann Jónsson

Svikaskáldið Sunna Dís sendir nú frá sér sína fyrstu ljóðabók og „fyrr það mátti vera“ eins og þar stendur. Ljód Sunnu eru innhverf, beinast að bernsku, þroska, minningum og tilfinningum. Allt sigild viðfangsefni ljóðlistar fyrr og síðar. Yrkisefni sem hafa heillað skáld í margar aldir og munu verða á dagskrá áfram nema manneskjan stökkbreytist í eitt-hvað nýtt og allt annað. Stundum vitnar bókmenntafólk í Biblíuna um að „ekkert sé nýtt undir sólinni“ en það orkar tvímælis. „Ekkert nýtt nema veröldin“ er miklu betri tilvitnun. Ný augu og ný eyru sjá og heyrna nýja veröld.


Stundum hafa menn (bæði karlar og konur) tekist á um það hvað ljód séu eiginlega. Ég geng út frá því að ljód séu þéttur texti sem á andstæðukenndan hátt þéttist oft mest vegna þess sem skilið er eftir og fær ekki að vera með í ljóðinu. Í þessum kjarna ljóðlistarinnar finnst mér Sunna Dís afar sterk. Hún blaðrar ekki. Stríkar frekar út og kallar lesandann til leiks á smekklega völdum augnablikum.

”

Ljód Sunnu eru innhverf, beinast að bernsku, þroska, minningum og tilfinningum.

Ást og fortíðarþrá

Í ljóðinu Brenna hefur ljóðmælandinn brennt bréf frá einhverjum sem gæti verið fyrsta ástin. Ljóðmælandinn er að leita að bréfunum sem brennd voru, þau verða tákn fyrir æskuástina og þar með færast leitinn af hinu persónulega sviði ljóðmælandans og yfir til allra þeirra sem þekkja blíðar tilfinningar sem geta aldrei komið aftur. Svipað þema



Plómur er fyrsta ljóðabók Sunnu Dísar Másdóttur.

KÁPA/MÁL OG MENNING

er tekið upp í kvæðinu Tuttugu ár. Tuttugu árum seinna langar ljóðmælandann að vita hvort hinn elskaði endurgalt ekki ástina eða fannst ástin ekki þess virði að halda sambandinu. Ljóðmælandinn þorir ekki að spyrja en hann getur augljóslega ekki spurt. Eftir stendur vitneskja okkar allra um það hve erfitt er að kveðja fortíð sem við þekkjum ein.

Óljós titill

Í ljóðinu Bambi er ljóðmælandinn ungur, fer út í bílskúr að sækja tandurhreit lindarvatn á flösku og þar hangir þá bambi með brostin augu og undir honum kaldur blóðpollur. Stjúpaðirinn hefur drepið bamba. Hér koma ýmsar túlkanir til greina. Auðvitað má deila um hvort það að veiða bamba er ljótara en að kaupa dádýrasteik á veitingahúsi, en ljóðið kallar lesandann til leiks á smekklegan og markvissan hátt og krefst skapandi hugsunar. Aftarlega í bókinni er fallett ástarkvæði sem heitir Akur. Þar brýtur hitinn sér leið inn í brjóstholið sem höfundur skildi ekki áður að var glerbúr.

Í þessum pistli hefur einungis verið dregið á nokkur umhugsunarefni sem upp spruttu við lestur þessarar fallegu ljóðabókar. Ég er enn að hugsa um hvernig gjöfufast væri að túlka titil bókarinnar, Plómur? Ég hefði viljað sjá betri titil.

NIÐURSTADA: Ljóðabókin Plómur er fallett bókmenntaverk sem fjallar um endalausar viður-eign manneskjunnar við sjálfa sig, vonir sínar og þrár. Sunna Dís Másdóttir er ósvikið skáld.



Gríma leikur bæði sjálfa sig og trúðinn Jójó í sýningunni Hið stórfenglega ævintýri um missi.

MYND/ADSEND

Trúðurinn segir alltaf satt

Gríma Kristjánsdóttir tekst á við sorgina í kjölfar dauða foreldra sinna með aðstoð trúðsins Jójó í nýju leikverki.

tsh@frettabladid.is

Leikkonan Gríma Kristjánsdóttir lenti í þeirri erfiðu lífsreynslu að missa báða foreldra sína með stuttu millibili. Í leikverkinu Hið stórfenglega ævintýri um missi, sem frumsýnt er í Tjarnarbiói í kvöld, tekst hún á við sorgina með hjálp trúðsins Jójó.

„Ég missti sem sagt báða foreldra mína með stuttu millibili fyrir nokkrum árum síðan og þá svona rofaði aðeins til í lífinu. Það var mjög skrytið, auðvitað var þetta allt mjög sorglegt og erfið reynsla, en maður fer allt í einu einhvern veginn að raða hlutunum rétt upp. Mér fannst það svo mögnuð tilfinning að mig langaði að deila henni,“ segir hún.

Móðir Grímu lést haustið 2015 og faðir hennar vorið 2016. Á þeim tíma var Gríma í leiklistarnámi í Danmörku og segir hún það hafa hjálpað að vera í aðstæðum þar sem hún gat fengið rými til að syrgja í friði.

„Það sem mér fannst verðmætast er að ég hafði rými til að takast á við sorgina. Ég veit til dæmis að fólk á oft erfitt með að mæta til vinnu og allt á bara að vera æðislega venjulegt. Auðvitað er það örugglega mismunandi eftir vinnu-stöðum hversu mikið rými manni er gefið. En mér fannst ég alveg geta grátið og grátið inni í leiklistarskólanum og það skipti engu máli,“ segir Gríma.

Hélt fast í sorgina

Eðlilega tók það Grímu nokkurn

”

Ég missti sem sagt báða foreldra mína með stuttu millibili fyrir nokkrum árum síðan og þá svona rofaði aðeins til í lífinu.

Gríma Kristjánsdóttir

tíma að takast á við sorgina og kom hugmyndin að því að vinna úr henni með hjálp listarinnar ekki fyrr en seinna.

„Ég náði einhvern veginn ekki að fara lengra með það, ég hélt bara ógeðslega fast í sorgina og mér fannst allt ótrúlega sorglegt. Það var ekki fyrr en seinna sem ég leyfði mér að sleppa þessum sársauka aðeins og hugsa þetta frá hinni hliðinni. Hvað var gott og frábært við þau sem ég var að missa,“ segir hún.

Þegar Gríma fékk hugmyndina að sýningunni hafði hún samband við Rafael Biancotto sem er argentínskur leikari og leikstjóri búsettur í Frakklandi og fékk hann til að leikstýra verkinu.

„Hann hefur unnið mikið með trúðalist, þessa sömu aðferð og var í Jesú litla og Dauðasýndunum. Ég hafði samband við hann af því mér fannst þetta vera svona efni sem væri ótrúlega gott að vinna með trúð af því trúðurinn er einlægur og segir alltaf satt en hann getur líka gert grín að hlutum og snúið raunveruleikann upp í eitthvað sem er þínu skemmtilegt,“ segir Gríma.

Innstu myrkur

Trúður Grímu nefnist Jójó og leikur hún bæði hana og sjálfa sig í sýningunni.

„Það er svolítið inntakið í sýningunni, að trúðurinn er að skoða inn í frekar dimm horn og myrkar hliðar sem Gríma vill kannski ekkert endilega skoða. Nú tala ég um Grímu í þriðju persónu en það er bara vegna þess að í verkinu leik ég líka hana. Þannig að það er ákveðið ströngl þar á milli.“

Að sögn Grímu gaf trúðurinn henni tækifæri á að takast á við hluti í sýningunni sem hún hefði ekki endilega getað gert sem hún sjálf.

„Trúðurinn er alltaf með augnsamband við áhorfendur, hún gerir óspart grín að sjálfri sér, áhorfendum og því sem hún er að leika. Það er einhvern veginn allt opið og fyrir vikið þá vinnst rosa-lega hratt traust á milli áhorfenda og trúðsins. Hún fer eins djúpt ofan í skítinn og hún getur og gerir grín að því en á sama tíma getur hún svo eftir bara fimm sekúndur sagt sannasta sannleika sem þú hefur heyrt.“

Uppgötvaðir þú eitthvað nýtt við sorgina í þessu ferli?

„Já, ég myndi alveg segja það. Það sem kemur mest upp í þessu ferli er þessi mótspyrna við það að tala illa um foreldra mína. Eða tala um hliðar á þeim sem mér finnst fólk ekki endilega þurfa að sjá. Af því við gerum þetta rosa mikið í jarðarförum og tölum um þá framliðnu sem bara einhverjar heilagar verur, eins og þeir hafi ekki líka verið mannlegir og breyskir.“

Hið stórfenglega ævintýri um missi er frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld og sýningar halda áfram í október og nóvember. ■

Málþing um konungasögur til heiðurs Dillmann

tsh@frettabladid.is

Málþing um konungasögur til heiðurs François-Xavier Dillmann, prófessor emeritus við École Pratique des Hautes Études í París, verður haldið í Snorrastofu í Reykholti í dag af tilefni útkomu franskrar þýðingar hans á Ólafs sögu helga.

Þýðing Dillmanns á Ólafs sögu helga eftir Snorra Sturluson er annað bindið í heildarþýðingu hans á Heimskringlu en í fyrra var Dillmann sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, fyrir framlag sitt til þýðinga á íslenskum miðaldabókmenntum og áralangar



François-Xavier Dillmann er prófessor emeritus við École Pratique des Hautes Études í París. MYND/ADSEND

rannsóknir á íslenskum sagnaarfi. Bókinni, sem kom út hjá forlaginu Gallimard í París fyrr á þessu ári, fylgja ítarlegar fræðilegar skýringar sem eru jafnframt sjálfstætt framlag til rannsókna á verkinu.

Erindi á málþinginu flytja Alessia Bauer, Ármann Jakobsson, Gunnar Hardarson, Jan Alexander van Nahl, Margaret Cormack og Óskar Guðmundsson. François-Xavier Dillmann mun einnig taka þátt í málþinginu, en hann er gisti-fræðimaður í Reykholti um þessar mundir. Málþingið hefst klukkan 2, boðið verður upp á kaffi milli erinda og léttar veitingar að því loknu. ■

GJAFALEIKUR
Heilsuvara vikunnar



DV

RÉTTABALL Á MÖLINNI



STÆRSTI BJÓRGÁMUR Í
EVROPU Á STRAÐNUM



Á MÓTI SÓL
& PAPARNIR

24. SEPTEMBER

REIÐHÖLLIN Í VÍÐIDAL

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á ALVÖRU SVEITARBALL NÆSTA LAUGARDAG!

MIDASALA Á TIX.IS

tix.is

prime





Heiða, Þorsteinn og Mattías endurtaka 80 ára afmælisleikinn aftur í Salnum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrjú tonn af stuði í Salnum

toti@frettabladid.is

Þorsteinn Eggertsson, eitthvert ástsælasta og afkastamesta söngtextaskáld þjóðarinnar, fagnar 80 ára afmæli sínu í febrúar á þessu ári. Við það tækifæri var slegið upp afmælistónleikum í Salnum í Kópavogi þar sem söngvararnir Heiða Ólafs og Matti Matt renndu sér í gegnum rjómann af þeim aragrúa laga og texta sem Þorsteinn hefur hitt þjóðarsálina með í hjartastað.

Þorsteinn sjálfur kynnti lögin og lét óborganlegar bransasögur fljóta með. Þrjú tonn af sandi, þetta hljómsveit, að endurtaka leikinn í þriðja sinn í Salnum klukkan 20 í kvöld.



Tölu verður vart komið á alla þá texta sem Þorsteinn samdi fyrir Hljóma, Trúbrot, Brimkló, Þe Lónly Blú Bojs, Þú og ég og fleira tónlistarfólk.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Þorstein á áttæðisafmælinu í febrúar sagði hann hreinlega ekki muna hversu marga texta hann væri búinn að semja fyrir Hljóma, Trúbrot, Brimkló, Þe Lónly Blú Bojs, Þú og ég og svo óendanlega margar grúppur aðrar og ótal marga tónlistarmenn. „Maður hættir að telja þegar textarnir eru orðnir nokkur hundruð,“ sagði hann þá af sinni allkunnunni hógværd.

Tröllaukið höfundarverk Þorsteins samanstendur ekki aðeins af frumsömdum textum því snjallar þýðingar hans hafa einnig lifað með þjóðinni. Til dæmis Return to sender sem varð í meðförum Þorsteins að Þrjú tonn af sandi. Hálfgerð merkingarleysa sem byggir á hljóðlíkingum og góðu fjöri og snarvirkaði á böllunum.

Brunnurinn sem þau Þorsteinn, Heiða og Matti hafa til að ausa úr er því nánast botnlaus en Heiða telur upp nokkur lög sem flestir ættu að þekkja, og margir elska, eftir að hafa sum hver ómað um landið og miðin í áratugi: Ljúfa líf, Glugginn, Ástarsæla, Gvendur á eyrinni, Ég elska alla, Heim í Búðardal, Fjöluþlát ljós við barinn, Lífsgleði, Dans, dans, dans, Harðsnúna Hanna og Söngur um lífið.

Tónleikarnir eru sem fyrr segir í Salnum í Kópavogi í kvöld og hefjast klukkan 20. Miðar eru seldir á tix.is. ■

Þúsund sveitaböll í einu í Reiðhöllinni

Söngvurunum Magna Ásgeirssyni í Á móti sól og Bergsveini Arilíussyni úr Pöpum telst til að samanlagt hafi hljómsveitir þeirra spilað á ríflega eitt þúsund sveitaböllum og búi yfir sjö áratuga reynslu sem verður lögð til grundvallar alvöru sveitaballi innan borgarmarkanna annað kvöld.

toti@frettabladid.is

Hljómsveitirnar Á móti sól og Pápar leiða saman hesta sína í Reiðhöllinni í Viðidal á laugardagskvöld þar sem ætlunin er að bregðast við sveitaballaskorti á mölinni með alvöru réttarballi í pósthúsi 110.

„Sko, þetta kom nú bara út úr því að við Palli Papi vorum að ræða hvernig það væri allt í einu komið í tísku að fara á ball og það virðist vera að Íslendingar vilji helst bara fara á ball núna eftir faraldurinn.“

Fólk vill bara fara að skemmta sér ærlega með vinum sínum og ætli það sé nú ekki upprunalega leiðin til að skemmta sér, að fara á sveitaball?“ segir Magni, söngvari þeirrar þrautreyndu hljómsveitar Á móti sól.

„Þetta er það sem þjóðin er alin upp við og við vorum eitthvað að tala um að það eru réttarböll úti um allt. Verið að slá í böll alls staðar þannig að okkur fannst bara vanta eitt í Reykjavík.“

Þá hafi bara legið beinast við að fara í Viðidalinn enda hafi Reiðhöllin marganna sig með tónleikum og böllum. „Þannig að það var bara ákveðið að slá í klárana,“ segir Magni.



Þetta eru svolítið margir klukkutímar sem við erum búnir að standa uppi á sviði þannig að við vitum alveg hvað við erum að gera.

Magni

Sjóaðir reynsluboltar

„Þetta er sko geggjaður viðburður sko,“ segir Beggi, söngvari Pápanna. „Að geta tekið leigubíl bara úr miðbænum í 20 mínútur til að komast á alvöru þungavigtarsveitaball eins og þau gerast best. Það er náttúrulega geggjað,“ heldur hann áfram og telur óhætt að tala um endurkomu sveitaballanna.

„Er það ekki svolítið þannig? Maður er búinn að heyrja svo marga, sérstaklega þá sem eru aðeins yngri, tala um að þeim finnst þau svolítið hafa misst af þessari stemningu.“

Þegar talið best að langri reynslu hljómsveitanna tveggja vefst tölfræðin ekki fyrir söngvurunum. „Ég hugsa að samanlagt séu þessi bönd með vel yfir þúsund böll eða eitthvað undir beltinu. Bara grínlaust,“ hlær Magni.

„Ef þú margfaldar það með þremur til fjórum klukkutímum á ball þá eru þetta svolítið margir klukkutímar sem við erum búnir að standa uppi á sviði þannig að við vitum alveg hvað við erum að gera. Það er náttúrulega alveg klikkað að spila á þessum böllum. Þetta er svona með því skemmtilegasta sem maður kemst í.“

Eldri en Hlöllabátar

„Við erum að tala um 70 ára reynslu af því að leika á böllum í þessum böndum. Sko, Páparnir eru eldri en



Magni og félagar í Á móti sól hafa staðið á sviði og keyrt böll áfram í ótal klukkustundir þannig að hann segir þá vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera.

MYND/ADSEND



Beggi, sem áður gerði garðinn frægan með Söldög, telur víst að Páparnir séu eldri en Hlöllabátar en hafa þó ekki látið meira á sjá en svo að þeir eru enn gulltrygging fyrir því að fólk skemmti sér.

MYND/ADSEND

Hlöllabátar, held ég,“ segir Beggi og hlær.

„Páparnir eru bara vél og það hefur aldrei vafist fyrir neinum hver tilgangur Pápanna er. Það er að skemmta fólki. Það er bara það sem Páparnir standa fyrir og það er allt lagt undir til þess að skemmta þeim sem mæta.“

Húsið opnar klukkan 21 og ballið stendur til þrjú um nóttina og þrátt fyrir að vera á aldur við Hlöllabátar hafa böndin engar áhyggjur af því að halda djammað ekki út til enda.

„Það eru tvær hljómsveitir,“ segir Magni um álagsdreifinguna á ballinu. Við eigum eftir að kasta upp á hverjir byrja en við förum í gang klukkan hálf ellefu og það er bara ball í fjóra klukkutíma.

Það er tvöfalt sett, sko. Það eru tvö trommusett og bara tvennt af öllu þannig að það er engin skipting og menn geta bara labbað inn og byrjað um leið og hinir slá af lagið. Það eru sko engin gríð.“

Stærsta bjórbákn Evrópu

Magni telur því rétt að fólk mæti í rétta gallanum og miði allan útganginn við að það verði auðvelt að dansa. „Ég held nú að þetta sé



Sko, Páparnir eru eldri en Hlöllabátar, held ég.

Beggi

svona lopapeysu-gúmmitúttuball. Er það ekki?

Þetta er sveitaball. Þannig að fólk þarf að mæta í einhverju sem er gott að dansa í því við erum ekkert að fara að stoppa. Í guðanna bænum ekki fara að mæta í einhverjum gala-kjól. Það er ekki boðið til setunnar þótt það verði náttúrulega að sjálfsgöðu stólar og borð þarna.“

Hermt er að á staðnum verði stærsti bjórgámur í Evrópu. Sá hinn sami og var í Hjarta Hafnarfjarðar í sumar en Magni treystir sér ekki til að svara fyrir gáminn.

„Ég fékk nú skodunarferð um þetta kvikindi ádan. Það er ekkert djók. Þetta er eitthvert amerískt bákn sem inniheldur held ég 50 dælur og ég held að það sé hægt að

vera með einhverja 100 kúta tilbúna í einu. Þetta er einhver algjör geðveiki sko. Þannig að þarna mun bjór flæða eins og vín, eins og maðurinn sagði. Þetta verður eitthvað,“ segir Magni.

„Já, ég er fyrst og fremst alinn upp í ballbransanum og byrjaði að skemmta fólki 1998 og þá snerist allt um að skemmta fólki. Það bara lá við að lögin væru mátuð við það hvort hægt væri að dansa við þau áður en þú valdir þau inn á prógrammið,“ segir Beggi.

„Ég kem svona úr þessari iðngrein þar sem fyrst og síðast snerist það alltaf um að skemmta fólki. Metnadarinn lá í því þannig að fyrir mig er það náttúrulega geggjað að koma svona inn í Pápana af því að þetta er nákvæmlega það sem þetta snýst um hjá þeim og gerir það að verkum að ég er náttúrulega búinn að sofa með rifu á öðru auganu af spenningu fyrir laugardagskvöldinu.“

Miðar á ballið eru seldir á tix.is og sem fyrr segir er það haldið í Reiðhöllinni í Viðidal á kvöldi laugardagsins 24. september. Aldurstakmark er 20 ár og tekið fram að óheimilt sé að koma með drykki inn á svæðið. ■

HOKA ONE ONE



SPEEDGOAT 5

VINSÆLASTI UTANVEGASKÓRINN FRÁ HOKA.
UPPLIFÐU HÁMARKS DEMPUN OG GRIP!

NÝJIR LITIR Í DÖMU OG HERRASKÓM

SPORTIS.IS

SPORTÍS

SKEIFAN 11
108 RVK

Brynja syngur nýtt lag um lamandi ákvarðanafælni

My oh My er nýtt lag tónlistarkonunnar Brynju Bjarnadóttur og þótt það minni á triphop-senuna auk þess að teygja sig yfir í R&B heldur hún enn trúnað við einlæga poppið sem hefur einkennt stíl hennar.

ninarichter@frettabladid.is

„Þetta er lag til að hlusta á þegar maður þarf smá stuðning,“ segir tónlistarkonan Brynja Bjarnadóttir um nýútkomið lag sitt, My oh My. „Þegar manni líður eins og allt sé í fokki er gott að hlusta á þetta lag. En þetta er líka smá partí, þetta er ekkert sorglegt lag,“ segir hún glottandi.

My oh My er síðasta smáskífan af væntanlegri plötu Brynju sem kemur út 20. október. Lagið á sérstakan stað í hjarta hennar en textinn er eins konar uppgjör við krefjandi tíma í lífi tónlistarkonunnar.

Óákveðin á erfiðum tímum

„Þetta lag er skrifað á erfiðum tíma og fjallar um óákveðni. Þegar maður bara lamast í ákvarðanatöku,“ útskýrir hún. „Þegar það er einhver óreiða á mörgum sviðum í lífi manns. Maður er að reyna að taka ákvarðanir en allt er í smá rugli.“

Brynja segir að svona hafi tilveran verið í kringum heimsfaraldurinn. Hún hafi verið að ganga í gegnum erfið sambands slit og lífið hafi verið í lausu lofti. „Mér finnst eftir þetta, eins og óákveðni og það að vita ekki alveg hvað maður vill, sé miklu erfiðari tilfinning en að vita hvað maður vill og fá það ekki,“ segir hún hugsí. „Því að þá getur maður hugsað: Já, og haldið áfram.“

Tók stökkið

Brynja segir mikilvægt að fólk hlusti á sjálf sig því annars geti manni á endanum liðið eins og tíminn liði stefnulaust. „Maður verður að muna að hafa þolinmæði fyrir sjálfum sér. Þetta kemur allt á endanum,“ segir hún glettin og játar því aðspurð að í laginu felist ákveðið uppgjör.

„Já, ég myndi segja það. Eiginlega. Ég hugsaði líka um að kannski væri óþægilegt að deila þessu. Það eru svo margir viðriðnir þetta,“ segir Brynja en bætir svo við að á móti komi að fólk gangi í gegnum alls



Brynja gerir upp erfitt tímabil í lífi sínu í nýja laginu My oh My. MYND/ADSEND



Þetta lag er skrifað á erfiðum tíma og fjallar um óákveðni. Þegar maður bara lamast í ákvarðanatöku.

konar hluti á lífsleiðinni, og því hafi hún tekið stökkið.

Hvað er ást?

Brynja segir að þegar fólk standi á viðlíka krossgötum fari það gjarnan að spyrja spurninga á borð við: Hvað er ást? Er ástin bara spennna?

Hún bætir við að á þeim umbrotatíma þegar texti lagsins varð til, hafi fólk stöðugt verið að reyna að gefa henni alls konar ráð.

„Mér fannst svona smá eins og þessi ráð þýddu ekkert fyrir mig. En mér leið eins og það væri engin handbók til. Maður verður að finna út úr hlutunum sjálfur.“

Þótt breiðskífa Brynju komi út eftir rétt tæpan mánuð verða útgáfutónleikar hennar ekki fyrir en í febrúar. „Þá fer ég á fullt og verð líka með listsýningu,“ segir Brynja sem lærði hljóðtækni í Hollandi og hlustendahópur hennar er því nokkuð skiptur milli landanna tveggja, Íslands og Hollands.

„Þegar ég byrjaði að semja var það alveg nýtt fyrir mér. Eitt sumarið pikkadi ég upp gítarinn og samdi lög alveg út í bláinn. Ég ætlaði mér alltaf að verða dansari.“ ■

Kvikindisleg rassaköst á Land Rover

toti@frettabladid.is

Stuðpopsveitin Kvikindi hefur boðað útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar 7. október. Platan heitir Ungfrú Ísland en sveitin byrjaði að kynda undir eftirvæntingunni í síðustu viku með glænýju tónlistarmyndbandi við lag sitt, Sigrá heiminn.

Í laginu syngur söngkonan Brynhildur Karlsdóttir: „Ég sigrá heiminn á hverjum degi og kem svo heim að tómu rúmi,“ í því sem hún kallar dramatísku uppgjöri við „kvartilífskrísu, árangursdýrkun og ástarþrá“.

Þá segir hún Kvikindi dansa „sexi rassadans á fjallabil Spaugstofumanns“, en í myndbandi ganga þau nærri Land Rover-jeppa föður Brynhildar, Karls Ágústis Úlfssonar, leikara og Spaugstofumanns.

„Óhætt er að segja að þar sé ógrandi dans á ferðinni,“ segir



Glöggir áhorfendur ættu að geta greint augljósa vísun í Wild at Heart.

MYND/NIKULÁS TUMA.

Brynhildur og upplýsir að myndbandið kallist að öðru leyti á við kvikmyndina Wild at Heart eftir David Lynch þar sem bæði leitast við að túlka „frelsisþrá hálfgerðra útlaga, innihaldsleysi og óværdi í

heimi þar sem ekkert gerist.“

Friðrik Margrétar- Guðmundsson og Valgeir Skorri Vernharðsson eru í Kvikindi ásamt Brynhildi en Birnir Jón Sigurðsson leikstýrði myndbandinu. ■



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólk í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og


frettabladid.is



HRINGBRAUT

Bækur bæta tilveruna!

Eitthvað nýtt og spennandi í hverri viku.
Fallegar bækur fyrir unga sem aldna.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.




3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.




3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.



5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.599 KR.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjajónustu

PENNINN

Eymundsson



Bakþankar

Ninu
 Richter



Hægri kvörn stífluð

Mannlegt eðli kristallast í umgengni okkar við svarta bauna-djúsin, lífsvatnið, kaffið.

Sér í lagi í miðri viku inni á fjölmennum vinnustað þar sem fólk vinnur við tölvur undir kröfu um hraða og afköst, undir stöðugri pressu um að skrifa eitthvað af viti.

Við þekkjum öll svipinn sem framkallast á vinnufélaga sem hefur fengið upplýsingar á undan fyrsta kaffibollanum. Við þekkjum svipinn og afgreiðum hann skilvirkt eins og mannlegir kortalesarar, sendum svip til baka sem segir: Ég skil. Þú ert ekki búinn að fá kaffi. Þú ert ekki með heila fyrr en það gerist. Svo hlæjum við saman, vansvefta kaffifíklarnir í myrkrinu úti í ballarhafi.

Það er því hvorki smámál né fyndið þegar hægri kvörn stíflast. Fyrst þarf sá sem stendur andspænis kaffivélinni að banka í tækið og segja: Nei, ja, hér.

Svo kemur annar sem finnur til seigrar ábyrgðar og segir: Já, svei mér þá. Er kaffilaust?

Vinnustaðarsprellarinn birtist þá á bak við: Hvað, eruð þið búnir að skemma kaffivélina?

Sá sem kom fyrstur er þá líklegur til að gera sér upp áriðandi fund. Þetta býr til flóttaleið fyrir hina tvo. Síðar kemur annað fórnarlamb að vélinni, les af skjánum. Hægri kvörn stífluð. Ef enginn er nálægt er hægt að láta sig hverfa. Ef fleiri eru á staðnum þarf að þykjast ætla að laga vélina. Sá gerir sér að lokum upp erindi og allir hverfa, í næsta hús þar sem kaffibollinn kostar þúsundkall. Svona gengur þetta allan daginn.

Og enn er hægri kvörn stífluð. ■

BEST ICE CREAM*
 FIVE CONSECUTIVE YEARS

2022
 2021
 2020
 2019
 2018

LAUGARÁSVEGI 1

SKÚBB
 REYKJAVÍK

*Best Ice Cream according to Reykjavík Magazine

Hästens Blue Check
 Since 1978

ICONIC? CHECK.

Hið einstaka bláköflotta Hästens-áklæði er táknrænt fyrir heimspeki okkar: að búa til svo fullkomið rúm að það haldi þér meira vakandi. Tilfinningin sem þú færð þegar gormar, hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að betri degi.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens since 1852

HÄSTENS VERSLUN
 Faxafeni 5, Reykjavík
 588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
 Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
 www.betrabak.is

**Betra
 BAK**